


2. tölublað, 19. árgangur. Júní 2023

FRÍMÚRARINN




Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi



EPOXY GÓLFEFNI

Hafið samband og við ráðleggjum í vali á bestu mögulegu lausninni. Yfir 30 ára reynsla!



FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrarreglan á Islandi
Brietartún 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík
Netfang: ritstjori@frimur.is

Ábyrgðarmaður/YAR

Guðmundur Kr. Tómasson (R&K)

Ritstjóri

Þórhallur Birgir Jósefsson (X)
thorjose@simnet.is

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Ólafur G. Sigurðsson (X)
olafurs@grantthornton.is

Bragi V. Bergmann (IX)
bragi@fremri.is

Arnar Þór Jónsson (VIII)
arnarthor@griffon.is

Pétur S. Jónsson (VIII)
pedro@medialux.com

Stefán Einar Stefánsson (VIII)
stefan.e.stefansson@gmail.com

Auglýsingar

Haraldur Haraldsson (IX)
frmrbladi@gmail.com

Örn Geirsson (IX)
oddisteina@gmail.com

Forsíðumynd:

Hluti úr „Frímúrarateningnum“, málverki
Jóhannesar Kjarvals.

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar. Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Formfesta og skipulag í óreiðukenndu umhverfi

Forsíðumynd þessa tölublaðs Frímúrarans er af hluta afar merkilegs málverks eftir br. Jóhannes S. Kjarval sem heitir Frímúrarateningurinn. Hópur bræðra færði Reglunni þetta verk að gjöf á nýliðnum vetri og er greint frá þeim viðburði hér í blaðinu og um leið tilurð verksins.

Þar segir meðal annars frá því að Frímúrarateningurinn sýni tening sem birtist út úr íslensku landslagi, hraunbreiðu. „Hann táknar formfestu og skipulag í óreiðukenndu umhverfi þar sem ýmis form og litir leika um myndflötinn að öðru leyti.“ Þetta kallast skemmtilega á við hin nýju starfsaldursmerki, sem Kristján Þórðarson SMR segir frá, 25 ára bronsmerki, 40 ára silfurmerki og 50 ára gullmerki, en þau sýna einmitt Frímúrarateninginn sem tekist hefur að slípa því meira sem handhafi hans hefur starfað lengur í Reglunni.

Þetta vor, þegar starfinu lýkur innan veggja stúkuhúsanna og við göngum út í sumarið, blasa við okkur óreiða og átök ekki aðeins á stríðshráðum svæðum veraldarinnar, heldur einnig hér hjá okkur, ekki stríðsátök í þeim skilningi, heldur annars konar átök – óreiða í samfélaginu. Átök og deilur um stefnu hér og hagsmuni þar. Þá er gott að lesa um reynslu frímúrarabróður sem greinir frá þeirri áratugareynslu sinni að Reglan er leiðarvísir að lífinu, hann líkir þessum leiðarvísi við lykklakippu. Við þurfum aðeins að kunna að velja rétta lykilinn.

Þá er einnig að finna hér í blaðinu frásögn af einum litríkasta forystumanni íslensku Reglunnar frá upphafi: Sigurgeiri Sigurðssyni biskup, fyrsta ÆKR. Sú frásögn er rituð af sonarsyni hans og lýsir manni sem í fornum sögnum hefði verið sagt um: Hann var ekki einhamur!

Allir þessir menn sem hér hafa

verið nefndir, Kjarval, Albert Albertsson og Sigurgeir Sigurðsson, hafa hver á sinn hátt verið meginstólpar sem Reglustarfið hvílir á.

Kjarval heldur enn áfram að sýna okkur kjarna Reglunnar í verkum sínum, hálfri öld eftir að hann kvaddi þennan heim og í frásögn Péturs Péturssonar, sonarsonar Sigurgeirs biskups, birtist maður, bróðir, sem lét ekkert stöðva sig á þeirri göngu sem við reynum allir að feta, hann sótti helsta stórveldi heims til stuðnings við stofnun hins íslenska lýðveldis og hann náði til kirkju sinnar í stórhrið, fótgangandi með fylgdarmanninn á bakinu!

Við óm þessara minninga skulum við einnig hafa í huga inntak starfs okkar, sem aldrei lýkur og aldrei má falla niður. Við erum minntir á það í grein ÆKR hér í blaðinu sem meðal annars minnir okkur á þetta: „Það er gott að gera það góða sem maður vill.“

Starf okkar er vissulega alvöru þrungið, þeirri göngu lýkur ekki. En, meðfram ræktum við hinar ánægjulegu stundir sem jafnframt gera okkur kleift að stunda sjálft kjarnastarfið af fullri alvöru. Hér í blaðinu segjum við meðal annars frá hinu fjölbreytilega félagsstarfi bræðra og systra utan hins reglulega starfs, þar sem um er að ræða allt frá formlegum heimsóknnum til erlendra stúkna, afmælisfundum til skemmtilegs frístundastarfs á borð við golf, mótörhjólaferðir eða veiði.

Maður er manns gaman, segir í hinni fornu speki Hávamálum. Það skulum við hafa í huga um leið og við höfum í heiðri æðstu markmið starfs okkar, fylgjum fordæmi okkar helstu og bestu fyrirmynnda í starfinu, missum ekki sjónar af teningnum sem rís upp úr óreiðunni.

Þórhallur Jósefsson



Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

Gefendur verksins ásamt Stórmeistara Frímúrarareglunnar. F.v. Stefán Einar Stefánsson, Magni Sverrir Sigurhansson, Margeir Þorgeirsson, Haraldur Reynir Jónsson, Ólafur Magnússon, Haukur Óskarsson, Kristján Þórðarson, Pétur Örn Sverrisson, Sverrir Gunnarsson, Ólafur Sæmundsson, Ólafur Baldursson og Davíð Torfi Ólafsson. Á myndina vantar Bergþór Ólason, Sigurð Friðriksson og Ólaf G. Adolfsson.

Teningnum er kastað

Frímúrarareglan hefur fengið að gjöf einstakt málverk sem tengist sögu Reglunnar og starfi hennar með margvíslegu móti. Gefendur verksins eru bræður í Reglunni sem leggja vildu sitt af mörkum til þess að verkið yrði aðgengilegt sem flestum og að saga þess og merking yrði varðveitt til allrar framtíðar.

Kristján Þórðarson, Stórmeistari Reglunnar, veitti verkinu viðtöku við hátíðlega athöfn og þakkaði við það tilefni þann stórhug sem býr að baki gjöfinni. Segir hann að því verði fundinn verðugur staður í Regluheimilinu í Reykjavík.

Gjöf til forsetans

Málverkið sem um ræðir ber yfirskriftina *Frímúrarateningurinn* og er eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval, sem var félagi í Frímúrarareglunni. Verkið var gjöf málarans til Sveins Björnssonar, forseta Íslands og fyrsta Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi.



Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson



Árið 2015 kynnti br. Stefán Einar rannsóknarritgerð um Jóhannes Kjarval og tengsl hans við Frímúrararegluna. Kristján Þórðarson gluggar í rannsóknina ásamt höfund.

Um verkið og tilurð þess var fjallað í ítarlegu rannsóknarriti (nr. 15) sem unnið var og loks kynnt á fundi í St. Jóh.stúkunni Snorra þann 24. janúar 2015. Var rannsóknin unnin af bróður Stefáni Einari Stefánssyni, sem varið hafði tveimur árum í að rannsaka tengsl Kjarvals við Regluna og hvernig þau birtust með ýmsum hætti í listsköpun hans.

Málverkið keypti bræðrahópurinn úr einkasafni en eigandi þess hafði keypt það af afkomendum Sveins árið 2013. Hafði það því verið í eigu fjölskyldu forsetans í rúma sex áratugi en Sveinn lést í janúarmánuði árið 1952 eftir skamma sjúkdómslegu.

Verkið er málað með olíu á striga og er hið eina, svo vitað sé, sem Kjarval merkti með því að setja nafn sitt á blindrammann.

Í tilefni embættistökunar

Fyrirnefnd rannsókn leiddi í ljós nær óyggjandi rök fyrir því að Kjarval hafi fært Sveini verkið að gjöf í kjölfar embættistöku þess síðarnefnda við lýðveldisstofnun þann 17.

júní 1944. Það rímar við mat helsta Kjarvalssérfræðings landsins sem áður hafði tímasett verkið á árabílinu 1943-1946.

Í óflokkuðum skjölum Sveins Björnssonar, sem höfundur rannsóknarinnar hafði aðgang að, fannst m.a. ljósmynd af umbúðum, maskínupappír, sem talið er að Kjarval hafi pakkað verkinu inn í, áður en hann sendi það að Bessastöðum. Þar getur að líta eftirfarandi kveðju:

Herra forseti

Sveinn Björnsson

Það var mér tilkomumikil ánægja að vera á Þingvöllum og sjá ykkur og hlusta á ykkur á afmælisdegi Jóns Sigurðssonar. Eins er mér einnig sunnudagurinn mjög minnisstæður í Reykjavík. Fyrir þetta allt þakka ég og óska öllum góðs af alhug yður sjálfum allra heilla, hamingju og velgengni.

Jóhannes Sveinsson

málari Kjarval

Auk hinnar skriflegu kveðju teikn-

aði listamaðurinn á pappírinn þrjú innsigli sem vísa til Þingvalla, Reykjavíkur og Kirkjubæjarklausturs. Síðastnefnda „innsiglið“ gæti verið vísbending um hvar verkið var málað en Klaustur var honum kært og talsvert listrænt yrkisefni alla tíð. Hann var enda fæddur að Efríey í Meðallandi og bjó þar til fjögurra ára aldurs.

Frímúrarateningurinn sýnir kúbus eða fering sem birtist út úr íslensku landslagi, hraunbreiðu. Hann táknar formfestu og skipulag í óreiðukenndu umhverfi þar sem ýmis form og litir leika um myndflötinn að öðru leyti.

Gefendur verksins eru bræðurnir Bergþór Ólason, Akri; Davíð Torfi Ólafsson, Fjölmi; Haraldur Reynir Jónsson, Mími; Haukur Óskarsson, Mími; Magni Sverrir Sigurhansson, Síndra; Margeir Þorgeirsson, Síndra; Ólafur G. Adolfsson, Akri; Ólafur Baldursson, Mími; Ólafur Magnússon, Hamri; Ólafur Sæmundsson, Fjölmi; Pétur Örn Sverrisson, Eddu; Sigurður Friðriksson, Mími; Stefán Einar



Stúdíómynd: Guðmundur Viðarsson

Frímúrarateningurinn er litríkt verk í anda meistara Kjarvals. Málverkið mun sóma sér vel í Regluheimilinu í Reykjavík.

Stefánsson, Mími og Sverrir Gunnarsson, Sindra.

Tveir merkir áhrifamenn

Sveinn Björnsson og Jóhannes Sveinsson Kjarval voru samtímamenn. Það voru aðeins fjögur ár sem skildu þá að í aldri, Sveinn fæddur í febrúar 1881 en Kjarval í október 1885. Uppvöxtur þeirra var hins vegar æði ólíkur. Sveinn var sonur Björns Jónssonar, ráðherra og ritstjóra sem m.a. reisti sér hið glæsilega heimili, Staðastað við Sóleyjargötu, sem nú hýsir skrifstofur forsetaembættisins. Kjarval ólst upp við fremur þröngan kost og ólst að stórum hluta upp hjá fósturforeldrum að Geitavík í Borgarfirði eystra.

Menntabrautin sem þeir fetuðu var sömuleiðis ólík þó báðir hafi þeir

kynnst útlöndum í ríkari mæli en flestir samlandar þeirra á þeim tíma. Báðir áttu þeir rík tengsl við Danmörku og Kaupmannahöfn. Lögðu þar báðir stund á nám en Sveinn varð síðar fyrsti sendiherra Íslands á erlendri grundu, þar í borg frá 1920 og allt þar til hann fluttist heim til þess að taka við embætti ríkisstjóra þegar slitnað hafði upp úr tengslum Íslands og herraþjóðarinnar vegna annarrar heimsstyrjaldarinnar.

Ganga má út frá því að leiðir þessara tveggja manna hafi legið víða saman en slá má föstu að það hafi gerst ekki síðar en árið 1924 þegar Kjarval gekk í frímúrarastúkuna Eddu árið 1924. Þá var Sveinn að vísu búsettur í Kaupmannahöfn eins og áður er getið en hann átti þó áfram rík tengsl við frímúrarastarfið hér heima.

Lengi var því haldið fram að tengsl Kjarvals og Reglunnar hafi orðið endaslepp. Fyrirnefnt rannsóknarindi hefur hins vegar afsannað það. Skýrasta dæmið þar um er sú staðreynd að við útför listamannsins stóðu bræður heiðursvörð, sr. Jón Auðuns, sem var í forystusveit frímúrara, flutti kveðjuorð og kveðjulag frímúrara var leikið á fiölu.

Kjarval lifði Svein í tvo áratugi. Sveinn lést í ársbyrjun 1952, aðeins um hálfu ári eftir að sjálfstæð Frímúrararegla var stofnuð hér á landi. Sveinn var fyrsti Stórmeistari hennar en hafði í áratug eða meira verið óskoraður leiðtogi frímúrarastarfsins hér á landi, beint og óbeint.

Stefán Einar Stefánsson



Sigurgeir Sigurðsson, biskup Íslands, gekk í forystu fylkingar niður Almannagjá að Lögbergi þar sem fundur Alþingis var settur með guðsþjónustu.

Sigurgeir Sigurðsson biskup Íslands og fyrsti ÆKR

Frímúrarinn fór þess á leit við br. Pétur Pétursson að hann skrifaði um afa sinn, Sigurgeir Sigurðsson, biskup Íslands og fyrsta ÆKR, en þegar Pétur var á barnsaldri náði hann að kynna afa sínum. Sonur Sigurgeirs biskups var Pétur, sem einnig varð síðar biskup Íslands. Sigurgeir biskup var meðmælandi Péturs sonar síns þegar hann gekk í Regluna árið 1944. Pétur Sigurgeirsson mælti síðan með syni sínum Pétri þegar hann gekk í Regluna árið 2002.

Pétur Pétursson hefur orðið:

Mér er það bæði ánægja og heiður að verða við beiðni um að skrifa um

föðurafa minn, Sigurgeir Sigurðsson, biskup Íslands á árunum 1939-1953. Hann var fæddur í Túnprýði á Eyrarbakka árið 1890 og faðir hans var Sigurður Eiríksson bátaformaður, en nefndur regluþófi eftir að hann fór að starfa á vegum góðtemplarareglunnar.

Sigurður var af Reykjaætt á Skeiðum og höfðu forfeður hans verið góðbændur á Reykjum mann fram af manni. Móðir Sigurgeirs var Svanhildur Sigurðardóttir og var hún af Bergsætt.

Til gamans má geta að Ólafur Hansson, sögukennari í MR, sem var mikil áhugamaður um ættfræði, á að hafa sagt við nemendur sína af „veik-

ara“ kyninu: „stúlkur mínar, fáid ykkur eiginmann af Bergsætt, en elskhuga af Reykjaætt.“

Sigurður mun hafa notað vín talsvert fyrir á árum en konu hans brá við þegar hann bað hana að hafa til spariðin sín því hann ætlaði á stúkufund og það var virkur dagur. Eftir það smakkaði hann ekki áfengi.

Sem regluþófi ferðaðist Sigurður um landið og stofnaði stúkur. Samkvæmt samningi við Otto N Þorlákson verkalýðsforingja stofnaði Sigurður einnig Bárufélög í sjávarþorpum, hagsmunasamtök bátasjómannna. Sumar þeirra hétu Bjarmi, en það sama nafn fékk kristilegt vikublað sem stofnað var í



Þessi mynd var tekin í mars 1944 þegar University of North Dakota sæmdi herra Sigurgeir Sigurðsson, biskup Íslands, heiðursdoktorsnafnbót. F.v. dr. Albert F. Arnason, fræðslustjóri æðri skóla í Norður-Dakóta, dr. Richard Beck, dr. Sigurgeir Sigurðsson biskup og Dr. John C. West, forseti University of North Dakota.

Reykjavík rétt eftir aldamótin 1900 og hann átti þátt í að stofna. Þetta blað kemur enn út.

Sigurgeir átti fjögur systkini, einn bróður sem dó ungur og þrjár systur sem allar lærðu hjúkrun í Kaupmannahöfn. Fjölskyldan flutti til Reykjavíkur og má ætla að það hafi að hluta til verið af hagkvæmni-ástæðum vegna starfa hans fyrir góðtemplararegluna og hluta til vegna náms barnanna. Eftir flutninginn til Reykjavíkur gekk fjölskyldan í Fríkirkjusöfnuðinn, því þar var Ólafur Ólafsson prestur, en hann hafði áður þjónað sem prestur í Arnarbæli nálægt Eyrarbakka.

Sigurgeir fór í Lærða skólann og eftir það beindist hugur hans að læknisfræði og mun hann um tíma hafa sótt fyrirlestra í Læknaskólanum í Rykjavík. En Prestaskólinn varð að lokum fyrir valinu og lauk hann prófi þaðan árið 1917. Hann hafði mikinn áhuga á söng og tónlist og hafði góða söngródd. Á námsárum sínum var hann organisti við messur kennara síns, prófessors Haraldar Níelssonar, á holdsveikraspítalanum að Laugarnesi. Var það upphafið að nánnum vin- skap nemanda og kennara og segja

má að Sigurgeir hafi alla sína prest- skapar- og biskupstíð fylgt guðfræði- og kirkjustefnu Haralds, þ.e. verið frjálslýndur í guðfræði og áhuga-



„Þegar nokkuð var liðið á messutímann sást þúst nálgast. Í ljós kom að þar var presturinn með fylgdarmanninn á bakinu.“ Teikning Péturs Péturssonar.

samur um spíritisma og sálarrann- sóknir.

Þeir Sigurður regluboði og Bjarni Jónsson dómkirkjuprestur kynntust vel vegna starfa sinna og Bjarni skrif- aði undir bankalán sem gerði Sigur- geiri kleift að ljúka námi sínu við guð- fræðideildina.

Bréf frá Ásgeiri Ásgeirssyni

Kaupmannahöfn 18. sept. 1916

Sæll nú Geiri minn Það er þá þú sem færð línu frá mér áður en ég frá þér. Þú varst hvergi nálægt þegar ég fór frá Reykjavík. Gilti nú kanske einu, því ég hefði víst aldrei séð þig. Báðir erum við trúlofaðir. Hér var elskaður og virtur Jón Helgason prófessor í guðfræði. Hann er í miklu uppáhaldi hjá danskinum, og var mér hjálplegur meðan hann stóð við. En svo þurfti hann að flýta sér heim til að vitka og kristna ykkur heimskingja og heiðingja á guðfræðideildinni. Guð velsigne hans vækkelsearbejde, mundi heimatrúboðs-danskurinn segja – En nú verður þú að segja mér fréttirnar að heiman, einkum af guð- fræðideildinni og félögum okkar, og auðvitað af sjálfum þér og þínu ástandi líka. Græddirðu ekki fé í sum- ar? Og hvernig segist þér hugur um prófið? Ég byrjaði á því að borða hjá íslenskri meykerlingu í Rörholms- gade. Þar hafði Sigríður systir þín



Frá lýðveldisstofnuninni á Þingvöllum 1944. Sveinn Björnsson, forseti Íslands og Sigurgeir Sigurðsson, biskup Íslands og ÆKR.

borðað áður; hún sagði mér trúlofun Sigríðar, um það veist þú auðvitað miklu betur en ég. Hún sagði kærasta hennar hafa borðað hjá sér líka, hann cand. polyt, og gamla konan sagðist hafa kunnað mjög vel við hann. – Ég nefni þetta svo þú fáir hól um mann- inn úr fleiri áttum, en frá Sigríði einni. Svo var það annað sem ég þurfti að segja þér; þegar ég bjó á Garði – þar bjó ég fyrstu vikuna - réðst inn á mig maður áður en ég var kominn á fætur, sem spurði eftir þér; hann hélt helst að þú læsir læknisfræði við háskólann. Þessi maður hét Sigurður Jónsson ættaður af Eyrarbakka og hefir verið læknir í Færeyjum nú í ein sex ár. Hann sagðist hafa kennt þér undir skóla. Nú var hann að flytja út á Jót- land og ætlar að vikariera þar fyrir einhvern kunningja sinn. Það var ein- kennilegt að hann skyldi einmitt rek- ast á mig. Ég leiðrétti allar hans röngu hugmyndir og sagði honum allt

sem hann spurði um þig og annað heima. Hann bað mig fyrir kæra kveðju til þín. – Mér líður eftir að- stæðum vel hérna, held ég geti haft gagn af mörgum hérna, prófessorum, prestum og leikmönnum. Láttu mig vita ef þú skyldir ætla að koma út að prófi loknu. Ég gæti kannski gefið þér ýmsar bendingar, sem þú þyrftir áður en þú leggur af stað. Vertu í Guðs friði! Þinn gamli félagi og skólalbróðir. Ásgeir

Sigurgeir var alla tíð hraustur og vel á sig kominn og til eru af honum kraftasögur sem honum þótti greini- lega sjálfum varið í. Hann var því ferðagarpur og var m.a. fylgdarmaður Einar skálds Benediktssonar á ferð- um hans til að skoða fossa með virkj- unarframkvæmdir í huga.

Ein sagan segir að eitt sinn hafi séra Sigurgeir svipt vini sínum og kollega, Jónmundi Halldórssyni, á bak

sér og vaðið með hann yfir á svo hann komst þurrum fótum, en Jónmundur var með sverari og þyngstu mönnum. Eitt sinn var séra Sigurgeir að fara á annexu til að flytja jólamessu. Stór- hríð var og vitlaust veður, en söfnuð- urinn beið í ofvæni. Þegar nokkuð var liðið á messutímann sást þúst nálgast. Í ljós kom að þar var presturinn með fylgdarmanninn á bakinu.

Sigurgeir lést á heimili sínu í Gimli við Lækjargötu í Reykjavík 13. október 1953. Hann var að borða há- degisverð og sagðist vera illt og reis upp frá borðum. Tók af sér biskups- krossinn og lagði hann frá sér og gekk upp í svefnherbergi til að halla sér, en þegar komið var að honum var hann örendur. Jóhannes Kjarval listmálari var heimilisvinur og hafði verið í matnum. Hann settist í stigann og grét þegar hann vissi hvað gerðist, sagði amma mér.

Fyrstu minningar mínar tengjast

Sigurgeiri afa. Haustið 1953 var hann á Akureyri vegna vísitasíu í Eyja-fjarðarprófastdæmi. Ég man það skýrt að ég stóð aftur í milli sætanna í Bjúiknum hans afa og fram í sátu þeir pabbi og skimuðu í báðar áttir og sögði spyrjandi ýmist „til hægri“ eða „vinstri“. Þetta var neðst í Kaupvangsstræti á gatnamótum Hafnarstrætis rétt fyrir framan afgreiðslu Flugfélags Íslands.

Í þessari ferð fórum við allir þrír á rakarastofu Valda í Hafnarstræti. Ég var settur á fjöl yfir stólnum og Valdi spyr: „Hvernig á að klippa þig, ungi maður“. Ég á að hafa sagt, „eins og afi“ og þá var hlegið því hann var sköllóttur með hvítan kruga.

Samband ríkis og kirkju – aðgreining eða aðskilnaður

Á Íslandi hefur aldei komið fram varanleg né alvarleg krafa um aðskilnað ríkis og kirkju og ástæða þess er að prestastéttin var virk í stuðningi sínum við það sem kallað hefur verið sjálfstæðishreyfing Íslendinga frá miðri 19. öld. Krafan um aðskilnað og stofnun fríkirkjusafnaða á Íslandi frá 1880-1918 var pólitísk í eðli sínu, hluti af sjálfstæðisbaráttunni, menn vildu aðgreina eða aðskilja íslensku kirkjuna frá danska ríkinu.

Eftir 1918 var hægt að tala um Ísland sem sjálfstætt ríki og þá datt botninn úr þessari hreyfingu og íslenska ríkiskirkjan gegndi hlutverki „civil religion“. Allir stjórnmálaflokkar hafa í raun stutt hina evangelísk luthersku þjóðkirkju. Þetta birtist greinilega í aðdraganda lýðveldisýfirlýsingarinnar og á þjóðhátíðinni á Þingvöllum 17. júní árið 1944. Á fimmta áratugnum var biskup Íslands Sigurgeir Sigurðsson yfirlýstur hraðskilnaðarmaður.

„Vér stöndum við dyr nýrrar aldar“

Í mars árið 1944 var hann sendur af vini sínum og frímúrararbróður, Vilhjálmur Þór utanríkisráðherra, í herflugvél til New York til að afla stuðnings áhrifamanna í bandarísku þjóðlífi við væntanlega sjálfstæðisýfirlýsingu Íslendinga. Opinbert markmið ferðarinnar var þátttaka í afmælis hátíð hins íslenska þjóðræknisfélags í Vesturheimi. Forseti Þjóðræknisfélagsins, prófessor Richard Beck, átti þátt í að skipuleggja ferðina og var mjög ötul talsmaður Íslands í þessu máli.

Biskup Íslands gekk í forystu fylk-



Amma og afi greinarhöfundar á yngri árum, Guðrún Pétursdóttir og Sigurgeir Sigurðsson.

ingar niður Almagnagjá að Lögbergi þar sem fundur Alþingis var settur með guðsþjónustu þar sem biskupinn predikaði og sagði m.a.: „Hversu dýr-mæt er miskunn þín ó Guð, mannanna börn leita hælís í skugga vængja þinna. Því hjá þér er uppspretta lífsins, í þínu ljósi sjáum vér ljós. Hugfangin og hljóð erum vér stödd í dag í helgasta musteri vors hjartkæra föðurlands – musteri sem hönd Drottins sjálfs hefur gjört... Vér stöndum við dyr nýrrar aldar, nýs tímabils lýðveldis á Íslandi. -Nú tekur vissulega að reyna á. Aðrar þjóðir fórná nú hjartablóði sínu fyrir frelsið. Vér njótum þeirrar sérstöku náðar Guðs að mega láta okkar fórnir í té í friðsælu starfi. Er það ekki þakkar- og fagnaðarefni?

Lýðveldishugsjóninni er ekki náð fyrr en þjóðin er frjáls hið innra jafnt sem hið ytra. Fyrr en hún hefur skryðst skruða þess frelsis sem skapar henni farsæld og innri frið.“

Konungur margreyndi að móðga biskupinn

Á norrænum biskupafundi í Kaupmannahöfn eftir seinna stríð bauð konungur Danmerkur til veislu. Þar reyndi hann hvað eftir annað að móðga íslenska biskupinn, en hann stóð það af sér og lét ekki á neinu bera. Konungur taldi að biskupinn hefði svikið sig vegna framgöngu sinnar í sjálfstæðismálinu (*heimild: séra Jakob Jónsson*).

Ávarp SMR, Kristjáns Þórðarsonar

Bræður mínir.

Í byrjun þessa árs var tekin upp sú nýjung að veita viðurkenningar fyrir ákveðin tímamót í starfsaldri bræðranna innan Reglunnar. Hér er um að ræða 25 ára bronsmerki, 40 ára silfurmerki og 50 ára gullmerki sem afhendist bróður árið eftir að hann nær starfsaldrinum. Afhending merkjanna hefur verið gríðarmikil vinna, en Stólmeistarar St. Jóhannesarstúknanna fengu þetta verkefni fyrir mína hönd og þakka ég þeim fyrir ómetanlega hjálp og góða framkvæmd. Þessar viðurkenningar hafa mætt miklum velvilja og ánægju meðal bræðra. Ég vil lýsa þakklæti mínu fyrir alla framkvæmd og undirbúning sem þetta verkefni hefur kallað á og nú mun þessi viðurkenning framvegis verða veitt árlega.

Á Æðstaráðsfundi í upphafi árs lagði ég fram breytingartillögu á aldurshámarki embættismanna innan Reglunnar. Í dag er aldurshámark embættismanna í dönsku Frímúrarareglunni 79 ár, í Noregi og Svíþjóð eru það 77 ár. Ísland var með aldurshámark 75 ár. Samhljóða niðurstaða Æðstaráðs Reglunnar var að hafa aldurshámarkið hér 77 ár, sem er í samræmi við aldurshámarkið í Svíþjóð og Noregi. Þetta gildir fyrir alla embættismenn Reglunnar, en embættismenn geta þó hætt fyrr ef þeir óska þess, sérstaklega ef heilsa og fjölskylduaðstæður leyfa ekki embættisstörf.

Eins og kunnugt er þá er óheimilt að vera samtímis félagi í annarri frímúrarastúku eða Reglu sem ekki lýtur yfirstjórn okkar Reglu. Tvöföld aðild hefur ekki verið leyfð innan Frímúrarareglunnar á Íslandi og er ástæðan að „bræður geta ekki þjónað tveimur herrum samtímis.“ Hingað til hefur því beiðnum um



Ljós: Guðmundur Viðarsson

Kristján Þórðarson SMR.

slíkt verið hafnað. Samkvæmt Grundvallarlögum Reglunnar er þetta þó heimilt, fáið til þess undanþága frá SMR.

Hingað til hefur verið viðtekið að bræður sækja um inngöngu í stúku eða erlenda Reglu, sérstaklega í enskum eða skoskum stúkum, án þess að formlegt samþykki frá SMR liggi fyrir. Leyfi hafa þó oft verið óformlega gefin á göngum Regluheimilisins af SMR, en sjaldnar skriflega. Ég bið þá bræður sem eru orðnir meðlimir í erlendum stúkum eða Reglum og þá bræður sem eru að hugleiða umsókn, að láta

Stjórnstofu vita svo unnt sé að skrá þátttöku bræðra og SMR geti gefið formlegt leyfi.

Formlegu frímúrarastarfi á þessu starfsári er að ljúka og sumarfrí tekur við. Regluheimilið verður lokað í júlímánuði vegna sumarleyfis starfsmanna á skrifstofu Reglunnar, skrifstofan verður opnuð aftur 1. ágúst.

Bræður mínir. Ég vonast til að hitta ykkur alla á nýju starfsári í haust við góða heilsu, fulla af orku og starfskrafti. Gleðilegt sumar.

Kristján Þórðarson SMR

Ég er frímúrari – Albert Louis Albertsson



Albert hefur unnið allan sinn starfsaldur hjá Hitaveitu Suðurnesja og síðan HS orku.

Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

Reglan er eins og lykklakippa að andlega lífinu

„Ég er alinn upp hjá ömmu minni og afa, sem bæði voru fædd fyrir 1900, þannig að segja má að ég sé gömul sál. Heima hjá okkur var allt nýtt, engu hent. Við höfðum samt nóg að bíta og brenna.

Amma mín var ættuð frá Vallá á Kjalarnesi, afi minn var að vestan.

Þau eignuðust 3 börn, móður mína Sigríði sem var elst, svo Margræti og

svo Bjarna Jakobsson, sem var annar meðmælenda minna.

Nafn mitt og bakgrunnur

„Ég heiti óvenjulegu nafni Albert Louis Robinson Albertsson, sem tengist sögu móður minnar: Móðir mín vann skrifstofustörf og við afgreiðslu, m.a. í Mjólkursamsölunni og KRON. Launin voru ekki há og hún

eina fyrirvinnan. Hún tók sig upp og fór til Bandaríkjanna 1947 í nám í skrifstofurekstri. Fór til New Jersey og leigði þar herbergi ásamt vinkonu sinni. Þar kynntist hún föður mínum. 1948 kom hún heim ólétt með Tröllafossi. Með vísan til þess hef ég stundum sagt að mér hafi verið „smyglað“ í móðurkviði til landsins án þess að nein aðflutningsgjöld væru greidd!

Móðir mín skírði mig í höfuð föður míns og ég er alnafni hans. Það varð til þess að ég fann fjölskyldu mína í Bandaríkjunum fyrir um 20 árum. Ég var fordekraður krakki, allt var látið eftir mér. Amma sá ekki sólina fyrir mér. Mamma kallaði mig alltaf Robby, eins og pabba, en amma kallaði mig Bobba. Ég heyrði þær einu sinni rífast og það var um föður minn. Stúlkurnar sem átta börn með útlendum hermönnum voru ekki vel séðar hérlendis. Faðir minn var aldrei í hernum og kom aldrei til Íslands, en amma mín þoldi þetta illa.

Ég var skírður 6 ára gamall, áður en ég byrjaði í skóla. Deilur móður minnar við móðurforeldra ollu því að þetta dróst. Faðir minn var verk-

fræðingur eins og ég. Hann vann alla sína starfsævi hjá Bell Laboratories og er skráður fyrir fjölda einkaleyfa. Þeir voru með stórar rannsóknastofur í New Jersey og hann kom m.a. nálægt kjarnorkuþróun á þessum árum. Pabbi var góður námsmaður og fékk góða, krefjandi vinnu.

Ég vann í um eitt ár í Svíþjóð í rannsóknarstofnun Svía á kjarnorku. Þar tók ég þátt í stóru tilraunaverkefni. Síðar komst ég að því að grunnnám föður míns og mitt var mjög svipað, þótt ég hafi aldrei hitt hann eða séð.

Eftir fjölþætt verkfræðinám í Stokkhólmi kom ég til starfa hjá Hitaveitu Suðurnesja í september 1977. Lengst af var ég eini verk-

fræði- og tæknimenntaði maðurinn hjá fyrirtækinu.

Ég bar ábyrgð á öllum tæknilegum framkvæmdum þ.e. jarðhita- og grunnvatnsrannsóknum, háhita- og grunnvatnsborunum, hitaveitukerfum í Suðurnesja-byggðum og síðar rafveitu þegar rafmagnsframleiðsla hófst í Svartsengi o.fl. Þetta hefði ég ekki getað nema hafa mér til stuðnings og trausts einvalið flinkra verkfræðinga og jarðvísindamanna ráðgjafafyrirtækjanna, þ.e. hönnuðanna sem kenndu mér óreyndum svo margt. Á þessum árum sótti ég svo margt til Reglunnar og í trúna. Óreyndur og fullur áhuga og metnaðar hafnaði ég ósjálfrátt í stjórnunarstöðu og var um margra ára skeið aðstoðarforstjóri Hitaveitu Suðurnesja. Enga kennslu og því síður reynslu hafði ég í stjórnun mannafla, hvorki innan fyrirtækis né utan. Í þessu efni reyndist mér Reglan, reglufræðin og regluaginn ómetanleg hjúp. Regluskilningur minn á eðli mannsins og trú á heiðarleika og velvilja hans og einlæggar bænir leiddu alltaf til farsælla viðskipta, því trúi ég. Í samskiptum mínum við stóra sem smáa viðskiptavini og aðra samstarfsmenn birtist mér lærdómur minn úr Reglunni á tvennan hátt annars vegar var það djúp meining gullnu orðanna og hins vegar þekking og reynsla sem minn innri maður hafði numið og sem ekki er unnt að lýsa með orðum. Segja má að minn innri maður hafi gert mér kleift að sjá lengra og skýrar en augun gátu numið, þ.e. mér fannst ég geta séð, upplifað og treyst því sem er handan þess sýnilega.“

Allt er í hendi Guðs

„Í æsku minni hafði ég enga þörf fyrir að hafa karlmann nálægt mér annan en afa minn. Ég fékk góðar karlkynsfyrirmyndir og hugsaði lítið til föður míns, þótt mamma talaði alltaf vel um hann. Þegar ég svo gifti mig og við eignuðumst okkar fyrsta barn, þá sagði konan mína að við yrðum að finna út úr uppruna mínum. Ég skrifaði bréf til þjóðskrár í



Albert fyrir utan höfuðstöðvar HS orku.

Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

Bandaríkjunum. Svarið barst um síðir en var neikvætt, þ.e. að þau gætu engar upplýsingar veitt nema með samþykki þess sem um var spurt.

Svo var það Carol, kona í Pasadena í Kaliforníu, sem hafði fengið áhuga á ættfræði og eignast ættfræðiforrit. Hún sendi tölvupóst á tugi fyrirtækja á Íslandi með fyrirspurn um sínar íslensku rætur. Einn vinur minn sem er sagnfræðingur og ættfræðingur svaraði þessari spurningu konunnar og bað hana svo að grennslast fyrir um föður minn. Dag einn fékk ég svo þykkt umslag inn um lúguna. Þar voru myndir úr kirkjugarði í San Fransisco af grafhýsi og því til viðbótar var vegakort þar sem búið var að lita vegina til að komast að þessu mannvirki í kirkjugarðinum. Sendandinn var fyrrnefnd Carol. Hún tók sér svo langa ferð á hendur á sinn eigin kostnað. Þetta varð til þess að ég fór ásamt konunni minni og börnunum okkar, til að vitja

leiðis föður míns. Þrátt fyrir öll þessi gögn fundum við ekki nafn föður míns í grafhýsinu. Við fórum svo loks út, um sömu dyr og við komum inn. Þar í sérstökum kirkjugarði frímúrarara stendur aldraður, þeldökkur maður, hvítur fyrir hærnum, með skóflu í hönd. Ég geng til hans og segi honum að ég sé að leita að leiði föður míns, sem ég nafngreindi. Þögull gekk hann aftur inn í húsið að legstað föður míns og benti á staðinn.

Móðir mín hafði skilið eftir 3 ljósmyndir, svarthvítar, eina af sér, eina af pabba og eina af þeim vinkonunum með pabba. Ég lagði mynd af mömmu og aðra af pabba ásamt bréfi sem greindi frá hver ég væri og í hvaða erindagjörðum ég væri í umslag og renndi því á bak við áletrunina sem sýndi nafn föður míns í grafhýsinu. Að því búnu fórum við aftur út.

Carol sem sent hafði póstinn sem áður var nefndur, hrindi í mig þegar nokkuð var liðið á þessa ferð. Hún segir mér að hún hafi fundið dánartil-

kynningu í blaði og greinir mér frá því að ég eigi 5 samfeðra bræður og 2 ættleidda. Daginn eftir hringir hún aftur og segir mér að hún hafi náð tali af aldraðri móður bræðra minna, sem hafi verið vingjarnleg en ekki haft mikla trú á þessari sögu. Ég óskaði eftir að ná tali af henni, en fékk dræm viðbrögð. Ég lagði málið í hendur Guðs. Daginn áður en við flugum heim reyndi ég ítrekað að ná tali af þessari gömlu konu en fékk bara símsvara. Loks náði ég sambandi og sagðist hún vera tilbúin að hitta okkur daginn eftir. Við fórum þangað með konfektikassa og blóm. Þegar við komum inn mættum við henni í göngugrind. Við tókum öll utan um hana og kysstum að íslenskum sið. Við áttum gott samtál, en ég hafði fengið þá leiðbeiningu í andanum að spyrja sem minnst. Ég leyfði henni því að leiða samtalið. Ég lagði nafnspjaldið mitt á konfektikassann. Skömmu seinna kom bróðir minn sálfræðingurinn, John, í heimsókn til



Miklar tæknibreytingar hafa orðið hjá HS orku á starfstíma Alberts.

Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

móður sinnar. Hann skrifar í lófann á sér tölvupóstfangið mitt og þá byrjuðu samskipti okkar. Ég hef kynnst öllum bræðrum mínum, sem hafa allir komið til mín og dvalið hjá okkur og við hjónin hjá þeim. Við hittumst á zoom í hverjum einasta mánuði. Móðir bræðra minna sagði við mig að börnin mín ættu ömmu í Ameríku. Þannig að við höfum mætt miklum kærleika og hlýju þar.

Ég á fimm samfeðra bræður, ég er þriðji í röðinni, sá elsti var prófessor í lögum við Penn State í New York, sá næsti er doktor í klínískri sálfræði og trúarbragðafræðingur, ég er véla- verkfræðingur en lauk líka námi í kjarnorkuverkfræði og vann við það í rúmt ár, sá fjórði er tölvunarfræðingur og sá fimmti er doktor og prófessor í kínversku og kínverskum bókmenntum.

Þegar ég hitti bræður mína fyrst og kom heim til yngsta bróður míns sé ég ljósmyndir af fjölskyldu þeirra. Morguninn eftir fyrsta daginn verður

mér litið aftur á skenkinn með fjölskyldumyndunum. Þar sé ég mynd af þeldökkum ungum hjónum. Eru þetta vinir ykkar, spyr ég? Nei, þau eru okkar „svörtu foreldrar“. Þabbi hafði búið ásamt sinni konu í Palo Alto. Nokkrum húsnum neðar í götunni bjuggu þessu ungu hjón sem ekki höfðu getað eignast börn og strákarirnir kölluðu þau sína þeldökku foreldra. Mikill vinskapur var þarna á milli.

Þeldökki maðurinn sem ég hitti í kirkjugarðinum var þessi maður, á þessari mynd.

Ég hafði aldrei velt fyrir mér hvort þetta myndi ganga upp, ég var bara á teinum sem leiddu mig óhindrað á réttan stað.“

Trúarlíf mitt og starf í Reglunni

„Ég á lifandi trú. Allt mitt líf og allt mitt starf er lifandi bæn.

Allt er í Guðs hendi og hann hefur leitt mig áfram.

Ég er alinn upp á trúðu heimili, þar sem bænin var alltaf til staðar. Á heimilinu var ríkur og einfaldur kærleikur án orða. Ég var mikið í KFUM og fór í Vatnaskóg. Þegar ég fór síðar í nám var það eina sem amma gat hugsað sér að gefa mér var Biblíu sem var alltaf á borðinu hjá mér. Í starfi mínu hef ég einnig notið þessarar handleiðslu.








Þegar ég lít til baka á frímúrarastarf mitt, þá hefur það verið mér dýrmætasta lexía sem ég hef fengið. Ég gerði mér strax grein fyrir að þarna voru menn saman komnir til að gera líf sitt betra. Þá á ég ekki hvað síst við andlegt líf. Þetta minnti mig á Sálsm 23 og það sem mér var ungum kennt: Stýr minni tungu að tala gott og tignar þinnar minnas, lát aldrei baktal agg né spott í orðum mínum finnast. Ég fór heim hugfanginn, djúpt snortinn. Fyrstu árin sótti ég bókasafnið mjög stíft. Ég er einfari og á mér ríkulegt andlegt líf. Margt í fræðunum hreif mig og ég vildi kanna



MARPORT

MARPORT

MARPORT.COM

 ICELAND
  USA
  SPAIN
  NORWAY
  FRANCE
  SOUTH AFRICA
  UK

dýpt þeirra. Ég las ekki bara textann heldur reyndi að lesa milli línanna og velti fyrir mér inntakinu. Reglan er ekki kirkja, en mælistokk trúarinnar verður að leggja á allt það sem við lærum í Reglunni. Eitt af því dýr-mætasta sem Reglan hefur gefið mér er þetta: Í gegnum fundina, reglu-agann o.fl. finnst mér hafa sannast að ég sjái meir en augun nema. Það er svo margt í lífinu sem þarf að lesa. Fólk, staðir og dýr: Mikilvægt er að skoða allt frá annarri hlið, sem kalla mætti huglæga hlið, sem eykur skilning. Reglan hefur hjálpað mér að skilja þetta.

Hver er t.d. kærleikur og djúp merking hans? Ég fer á hvern fund í höndum hins hæsta, í hljóði og bið Drottin að fylla okkur alla heilögum anda og að við öðlumst innri frið á fundinum.

Agnarsmáir í alheiminum

Annað sem haft hefur mikil áhrif á mig er þegar ég lít á stjörnuhimininn í salnum, þá sé ég fyrir mér sköpunarsögu Biblíunnar og ég upplifi að jörðin og við þessir agnarsmáu menn erum eins og sandkorn í alheiminum og stúkan, mín innri stúka, minn innri maður er hluti þess sem ég sé upp í gegnum stjörnuhimininn, ég kemst ekki hjá því að skynja að ég á rætur þar. Þetta snýr að kærleikanum og dyggðum frímúrarara.

Í hvert skipti sem ég sest niður til að semja við aðra horfi ég á frímúrarahringinn minn og bið Guð að færa mér lausnina. Reglufræðin, hin konunglega íþrótt, myndbirtist mér þannig í vinnunni og frammi fyrir öðrum viðfangsefnum lífs míns.

Þegar ég lít til baka get ég ekki ímyndað mér hvernig líf mitt hefði verið miklu fátæklega hefði ég ekki gengið í Regluna.

Ég nýt fundanna. Ég var Stólmeistari í 4-5 ár og sat oft í stólnum og leit upp í stjörnuhimininn og sá stúkuna mína og bræður mína í öðru samhengi, annars konar ljósi. Hinn hæsti, sá sem er á bak við sköpun heimsins og þau lögmál sem þar eru, hið kærleiksrika lögmál sem þar gildir, þá set ég fundinn og bræðurna í það samhengi, þar sem allt er tengt. Alheimurinn og móðir jörð eru hlaðin vitsmunum og í mínum huga er jörðin með öll sín fjölbreyttu lífsform heilög og því

eigum við að umgangast hana á varfærinn hátt, með virðingu og í kærleika.

Meðvitund okkar er, ef grannt er skoðað, upprunnin í alheiminum.“

Fjölbreytileiki lífsins

„Reglan hefur leiðbeint mér til að halda utan um trú mína. Reglan hefur kennt mér að það er sami kjarni í okkur öllum. Þetta er „strúktúrað“ í Reglunni. Þennan strúktúr hefði ég ekki fengið ef ég hefði ekki tekið þátt í Reglunni. Þessi uppbygging Reglunnar hefur hjálpað mér að sjá lífið í því samhengi, skýrara samhengi. Hluti af þessu með stjörnuhimninum er fjölbreytileikinn. Ég hef tekið þátt í alls kyns viðskiptum, þar sem ég hef átt samskipti við fólk af mismunandi uppruna. Reglan hefur hjálpað mér að sjá að kjarninn er sá sami. Ég sé fjölbreytileikann í fólki af mismunandi þjóðerni. Við erum vissulega eitt mannkyn, en umhverfið mótar okkur. Hvað þýðir hugtakið heim? Við getum alls staðar verði heima hjá okkur ef við erum bundin andlegum tengslum við jörðina, því jörðin er gædd vitsmunum og við þurfum að vera tengd jörðinni sem vitsmunaveru. Ef ég er fæddur og uppallinn í fjallasal, þá tengja vitsmunir náttúru hans mínum vitsmunum, ég upplifi minn heimastað. Hver einasta fruma mannsins skynjar áreiti og bregst við því. Þarna eru vitsmunir á ferð í hinu smæsta. Ef maður teygir þetta mjög langt eru vitsmunir í öllu, allri náttúrunni.

Í eyðimörkinni í Ísrael er planta sem sendir frá sér fræ, sem sitja í fjölda ára í jörðunni áður en þau spíra. Fjölbreytileiki náttúrunnar er svo óendanlega fallegur og svo mikilvægur öllu lífi. Ég var einu sinni á göngu í hrauninu á Reykjanesi og gekk fram á lítinn hellisskúta. Þar inni var þykkblöðungur og agnarlitil blómkróna. Áður en ég vissi af var ég farinn að tala við þetta blóm. Ég sagði við það: Af hverju ertu þarna? Þú ert ein jurtt hér, ekkert nema hraun og mosi í kringum þig. Er líf þitt tilgangslaut? Blómið svaraði mér til baka á tungumáli þagnarinnar. Þarna áttaði ég mig á því hvað fjölbreytileiki lífsins er mikilvægur og fallegur og kærleiksrikur og okkur mikilvægur.“

Parft að velja réttan lykil

„Allt líf þjónar tilgangi, allt frá hinu smæsta til hins hæsta. Jörðin er helg og við eigum að umgangast hana með virðingu. Hún sér öllu lífi fyrir öllu því sem það þarf, hún fæðir okkur, klæðir okkur og sér okkur fyrir meðulum, sér okkur fyrir leiðum til að lesa sig og þróa gáfur okkar og getu. Hún er efniviðurinn, tilraunastofan sem við fáum að leika okkur í, en hún er helg og við eigum að virða það.“

Hvernig opnum við fyrir hina guðlegu vídd? Einfalda svarið er: Með bæn og gakkstu í Regluna. Reglan er eins og lyklakippa að andlega lífinu. En þú þarft að velja réttan lykil fyrir hverjar aðstæður og þú þarft að beita lyklinum rétt þegar þú setur hann í skrána. Þegar eitthvað bjátar á geta menn boðist til að hjálpa en það er okkar að þiggja. Fólk getur ákveðið að loka fyrir hina guðlegu vídd. En þá vantar grunn til að standa gegn mörgu því sem mætir okkur í lífinu.

Reglan, fræði hennar, saga, form-festa og agi birtist mér sem lifandi skær leiðbeining í lífinu.“


Gæfuspor

„Það var mikið gæfuspor fyrir mig og fjölskyldu mína að ég gekk í Frímúrararegluna. Reglan og reglufræðin sem hún boðar hefur haft afgerandi áhrif á þroska minn, einkum minn innri mann. Hún á drjúgan þátt í því að gera mínum innra manni kleift að sjá, upplifa og treysta því sem er handan hins sýnilega. Í lifanda lífi og handan grafar er ég og verð ævinlega þakklátur þeim sem mæltu með mér til upptöku í Regluna, stúkuna Mími. Bræðurnir sem mæltu með mér voru Mímis-bræðurnir Bjarni Jakobsson og Karl Ómar Jónsson. Ég vil ekki ljúka þessu án þess að nefna þátt eigin konu minnar, Rannveigar, sem er mér svo kær. Án hennar kærleiksrika stuðnings og hvatningar til að stunda reglustarfið af samviskusemi væri ég ekki sá drengur sem ég er í dag.“

Ég þakka Alberti fyrir samtalið og tjái honum af heilum hug að þessi samverustund okkar hafi göfgað líf mitt.

Arnar Þór Jónsson

Fjölbreyttar lausnir fyrir hús & nýbyggingar



Strúktúr er með lausnina fyrir húsið

Allt sem við hugsum, allt sem við gerum, snýst um þig okkar viðskiptavin



Við erum alltaf klár í spjallið

Hafðu samband við okkur



Hugvekja ÆKR

Að stilla huga okkar

Það getur verið gott að íhuga eitt augnablik til hvers við erum félagar í Frímúrarareglunni á Íslandi. Það er líkt og presturinn sagði þegar við vorum að undurbúa fund og aðrir viðstaddir voru bara að spjalla. „Við skulum hafa þögn til að stilla hugann.“ Það var besti undirbúningurinn.

Ég vona að þessi stutta hugleiðing varpi einnig ljósi á það fyrir aðra inn á hvað við erum stílltir. Mig langar að líta til þess að í öllu reglustarfi er bæði um að ræða innra starf á fundum og svo líka sjálf tilvera okkar í lífinu og í samfélaginu. Það þarf líklega að íhuga allar þessar viddir.

Innra starfið og innsti kjarninn

Innra starfið er málefni sem við ræðum ekki um á meðal annarra en félaga okkar enda myndi það þá missa marks fyrir þá sem eru þegar komnir inn og eiga eftir að taka fleiri stig og ekki síður þá sem vilja ganga inn.

Ef við erum að tala á þennan hátt um trúnaðinn yfir fundarsíðum og innra starfi í Reglunni er allt í lagi að minna á þá staðreynd að allra innsta kjarna í því starfi sem unnið er að innan Reglunnar er að finna í útbreiddustu bók veraldar, Biblíunni. Fyrst kristni er forsenda þess að gerast frímúrarari er ljóst að kjarna þess er að finna í Heilagri ritningu kristinnar trúar. Þennan kjarna þekkir kristið fólk um allan heim. Tvöfalda kærleiksboð Jesú er líklega mest upplýsandi og ekki síður Gullna reglan. Það sem sjaldan finnst í reglustarfi eru trúarkenningar eða það sem í eina tíð var kallað *dogmatik* eða *credo*. Af því síðasta var jú fengið tökuorðið kreddur. Við erum ekki kreddufullir karlar eða dómharðir. Þetta er eitt helsta einkenni frímúrarastarfs sem stundað er eftir því stigbundna kerfi sem kallast sænska frímúrarakerfið.

Betri manneskjur

Margt annað eigum við sameiginlegt með öllum öðrum frímúrum sem iðka þetta starf um víða veröld og sinna því með mætingu, þjónustu og fræðimennsku. Þar eru ekki aðeins



Sr. Kristján Björnsson ÆKR.

Ljóm. Páll M. Skúlason

karlmenn því margar aðrar reglur bjóða bæði karla og konur velkomin og eru þau ýmist saman í stúkum eða í kvenna- og karlastúkum innan sömu reglu, ýmist á kristnum grunnni eða á grunnni Gyðingdóms eða Íslam og einnig á grunnni heimspeki eða húnisma eða einfaldlega persónulegrar trúar á æðri mátt.

Allar þessar stúkur taka fullt tillit til helgiritra og trúarsannfæringar félaga sinna og í sumum þeirra eru félagar saman í stúku með sinn ólíka trúargrunn. Öllu siðbundnu efni í öllu frímúrarastarfi um víða veröld er ætlað að vera almennt séð mannbættandi og gera okkur að betri manneskjum.

Það góða sem ég vildi...

Þá er líka gott að íhuga hvernig við reynumst öðrum og fjölskyldum bræðra ef litið er til innra starfs og skoða má hvaða áhrif það hefur þar og vera hér. Ef það er í réttum anda bróðurkærleika og vináttu er líklega

en ekki að það hafi áhrif langt út fyrir sjálft reglustarfið. Það er þá hið endanlega markmið og á því ætti að sjást hvort okkur miðar í rétta átt eða hvort við stöndum í stað.

Mig grunar að það sé ekki nóg að sitja kyrr á eldhúsbekknunum og hugsa bara fallega til annarra. Um tíma var það hálfgerður húmor hjá mér ef ég fékk fréttir af einhverjum atvikum eða tímamótum í lífi vinar eða kunningja að ég sagði við sjálfan mig upphátt að ég ætti nú endilega að senda honum póstkort. Svo gerði ég það sjaldnast, því miður. Það góða sem ég vildi gerði ég ekki.

Um slíka breytni skrifar Páll postuli í bréfum sínum svo þetta hefur fylgt mannum lengi. Ef ég segi þetta með póstkortið svo kona mín heyrir segir mín elskulega ákveðin: „Hringdu þá.“ „Drífðu þig þá í heim sókn.“ Það merkilega er að í nær öllum tilfellum reynist það gagnlegt og gefur mér mikið. Það er gott að gera



Beltone Achieve™

Heyrnartæki sem gefa betri heyrn í hávaða

www.heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Pú færð hylki í prentarann þinn hjá okkur



SKRIFSTOFUVÖRUR

Skútuvogi 11 Reykjavík Sími: 553 4000



HÓTEL REYKJAVÍK GRAND FYRSTA FLOKKS RÁÐSTEFNU- OG FUNDARÞSTAÐA

Okkar markmið er að þinn fundur eða viðburður gangi eins vel fyrir sig og framast er kostur. Við bjóðum upp á 11 glæsilega sali fyrir ráðstefnur, fundi námskeiðahald, sýningar og margt fleira.

HÁTEIGUR · BJARTUR · GLÆSILEGUR · STÍLHREINN · 27 M² BREIÐTJALD



KYNNIÐ YKKUR MÁLIÐ
islandshotel.is/fundur | fundir@islandshotel.is



það góða sem maður vill. Gagníð fyrir þau sem í hlut eiga er svo metið af þeim.

Hið merkilega er að innsæið er nær alltaf rétt ef það er sprottið af því að leiða hugann til náungans. Hugmynd sem sprottin er af innsæinu er talin vera um 97% rétt. Það ætti að gefa tilefni til að sinna því eða bregðast við því sem kemur á þann hátt upp í kollinn okkar. Hikið á að víkja og við eigum að treysta innsæinu. Ef það er næstum alltaf rétt ætti ekki að þurfa að bíða til morguns með það sem við getum gert í dag.

Meiri þjónusta veitir meiri gleði

Í Reglunni eru nokkrir prestar og fjöldi manna sem sinna kirkjunni sinni á ýmsan hátt með þjónustu við helgihald hennar, í sóknarnefndum og meðal starfsmanna kirkjunnar sinnar og ekki síður í ýmsu hjálparstarfi. Aðrir leggja umtalsvert til þessara mála á óbeinan hátt.

Þegar bræður hafa verið í starfi Reglunnar í áratugi og kynnst í stúku

sinni og öðrum stúkum hér á landi og víðar, eignast þeir oft vini til lífstíðar. Það merkir líka að við kynnumst bæði í gleði og sorg. Lífið gengur einfaldlega upp og ofan. Þótt við höfum þá ímynd hjá mörgum að við kunnum að gleðjast á hátíðum og í góðum vina- hópi þá eru ekki alltaf jóln hjá öllum á sama tíma. Það er því innbyggt í okkur að sinna um sjúka og sýna hluttekningu á þannig tímum. Og votta einnig virðingu og djúpan skilning við missi.

Umfram allt er þjónusta okkar í forgrunni. Meiri þjónusta veitir meiri gleði. En það besta við þessar fullyrðingar er að þetta á jafnt við okkur öll. Ef það er gullna reglan okkar að gera allt það sem við viljum að aðrir geri okkur, er ekki vandi að stilla sig inn á rétta hugsun og breytni. Helst ekki eins og drengurinn sagði þegar ég var að hljóða honum yfir Gullnu regluna í fermingarfræðslunni: „Það sem aðrir gera mér á ég að gera þeim.“

Meginverkefni okkar

Kúnstin er ef til vill sú að við fær- um góðan hug gullinnar reglu yfir í verk. Skáldið talaði um að góð hugsun mætti ekki missa sæmdarheitið framkvæmd. Þá erum við að sýna kærleiksboð Jesú í verki ef við elskum ná- unga okkar eins og okkur sjálf. Og þá höfum við núna eitt andartak farið yfir örlítið af því sem er sameiginlegt í flest öllum stúkum í reglustarfi karla og kvenna.

Það ætti ef til vill að geta orðið til að leggja grunn að meira samstarfi eða allavega að betri og dýpri skilningi á starfi annarra stúkna. Með því gætum við haft enn meiri áhrif á það meginverkefni okkar sem manneskjur – en það er að gera samfélagið heilt og mannlífið betra. Guð gefi að svo verði.

Kristján Björnsson ÆKR

Starfsaldursmerki St. Jóh.st. Rúnar afhent

Nýtt heiðursmerki, *Starfsaldursmerkið*, hefur á árinu verið veitt bræðrum sem náð hafa háum starfsaldri í Reglunni og verður það eftirleiðis veitt árlega. Bræður hljóta bronsmerki eftir 25 ára starf, silfurmerki eftir 40 ára starf og gullmerki eftir 50 ára starf í Reglunni.

Afhending starfsaldursmerkja til bræðra í St. Jóhannesarstúkunni Rún á Akureyri hófst í lok janúar sl. Laugardaginn 28 janúar mættu rúmlega 30 bræður til að veita bronsmerkinu viðtöku, 14 bræður silfurmerkinu (sjá mynd) og 9 bræður gullmerkinu (sjá mynd), þótt hópurinn í heild sé mun fjölmennari.

Þess má geta að Magnús Björnsson, einn gullmerkishafanna, gekk í St. Jóhannesarstúkuna Rún árið 1954 og því styttist í 70 ára starfsafmæli hans í Reglunni.

BB



Silfurmerkishafar. Aftari röð f.v.: Agnar Árnason, Óli Ólafsson, Þorgrímur Magnússon, Leifur Ægisson, Rafn Sveinsson, Þorsteinn Pétursson, Sigurður Vatnsdal, Þórarinn B. Jónsson og Magnús Th. Benediktsson. Fremri röð f.v.: Ólafur Matthíasson, Sigurður Pálmason, Guðjón S. Björnsson, Sveinn E. Jónsson og Skúli Ágústsson.



Gullmerkishafar. Aftari röð f.v.: Sigurður Jóhannesson, Árni S. Jónsson, Vilhelm Ágústsson, Ólafur Ásgeirsson, Björn Arason og Birgir Björn Svavarsson. Fremri röð f.v.: Magnús Björnsson, Birgir Ágústsson og Pétur Valdimarsson.



Hópurinn eftir fundarslit á Hornbjargi.

Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

Góðir gestir á Jónsmessu- fundi við Hornbjarg

Jónsmessufundir St. Jóh.st. Njálu á Hornbjargi eru einstakir og rétt að hvetja alla bræður sem tók hafa á að fara í slíkan fund að láta slíkt tækifæri ekki fram hjá sér fara. Þessum fundum hafa áður verið gerð skil í þessu blaði en fyrir þeim er gömul og falleg hefð sem á sögu sína að rekja aftur til ársins 1902. Þá komu saman nokkrir erlendir bræður sem störfuðu við hvalstöðvar á Vestfjörðum, fjórir Norðmenn og tveir Þjóðverjar, og héldu Jónsmessuhátíð að hætti frímúrara norður við heimskautsbaug. Við þessar stórbrotnu aðstæður hafa síðan verið haldnir fundir til þess að minnst þessa fyrsta skrásetta en jafnframt goðsagnakennda frímúrara-fundar á Íslandi.

Iðulega er gestkvæmt á þessum fundum og margir erlendir bræður nota tækifærið, heimsækja Ísland og njóta þess að sækja fund haldinn í því

sem kallað hefur verið stærsta stúkusal á Íslandi, sjálfu Hornbjarginu.

Stíf dagskrá hjá ensku gestunum

Á Jónsmessunni árið 2022 sóttu

fundinn fimm bræður úr Rósarstúkunni Belgrave Chapter no. 121 í London. Bróðir Pétur Davíðsson úr Gimli og bróðir Hagerup Mór Ísaksen úr Lilju skipulögðu ferðina innan-



Stígurinn upp á Yztadal fetaður.

Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

lands en bróðir Bjarni Sólbergsson úr Njálu kom að skipulagningu dagskrár á Ísafirði og nágrenni.

Dagskrá hinna ensku gesta var stíf því á föstudeginum, strax og þeir voru lentir á Keflavíkflugvelli og eftir stutt stopp í Kópavogi þar sem þeir fengu kjötsúpu, var lagt af stað í rútu vestur á Ísafjörð. Alls voru 5 íslenskir bræður, 4 íslenskar systur, 5 enskir bræður og 3 enskar systur í föruneytinu sem hélt af stað úr höfuðborginni.

Fundardaginn, laugardaginn 25. júní, fékk hópurinn að sigla norður að Hornbjargi með þeim Njálubræðrum sem um morguninn fóru að undirbúa fundinn og komu bræðrahópsins síðar um daginn. Í Horni var dvalið í húsi sem þau hjón, bróðir Hagerup og Guðríður H. Benediktsdóttir, hafa aðgang að og eftirmiðdagurinn nýttur til að skoða heimkynni lágfótunnar.

98 bræður á Jónsmessufundinum

Níutíu og átta bræður sátu síðan Jónsmessufundinn sem stýrt var af bróður Marínó Kristni Hákonarsyni, Stólmeistara Njálu. Þrátt fyrir norðan kul og aðeins nokkurra gráðu loft- hita nutu menn fundarins enda hélt bróðir Marínó gott sögulegt erindi um



Ljósmynd: Guðmundur Viðarsson

Beðið eftir næsta ferjubát. Hér eru m.a. f.v. Valdimar Lárusson, Sveinbjörn Björnsson, Jón Valgeir Halldórsson, Þórir Örn Guðmundsson, Ari Fossdal, Arnar Hauksson og Vignir Bjarni Guðmundsson.

BAÐAÐU ÞIG Í GÆÐUNUM



Kópavogur – Smiðjuvegur 76
Akureyri – Baldursnes 6a
Selfoss – Austurvegur 69

☎ 414 1000
☎ 414 1050
☎ 414 1040



Ljósmynd: Hafþór Gunnarsson

Hópurinn í heimsókn í Skálavík. F.v. Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, Anna Eyjólfsdóttir, Páll Ólafur Pálsson, Sveinn Óttar Gunnarsson, Guðný Svavarsdóttir, Steven Pallet, Trish Bell, Derek Bell, Austin Erwin, Wendy Murphy, Stephen Murphy, Guðríður H. Benediktsdóttir, Hagerup Már Ísakson, Gill Sharpe, Pétur Davíðsson, Peter Sharpe, Sigurður Júlíusson, Bjarni Sólbergsson og gestgjafarnir Hafþór Gunnarsson og Guðbjörg Hjartardóttir.

staðinn og blés það öllum eldmóð í bringu. Í bróðurmáltíðinni var síðan tekið vel á móti hefðbundnum veitingum.

Morguninn eftir Jónsmessufundinn var móttaka fyrir ensku gestina í Stúkuhúsi

Njálubræðra á Ísafirði þar sem bróðir Ingimar Halldórsson, Stólmeistari Hörpu, og bróðir Marinó Kristinn Hákonarson, Stólmeistari Njálu, tóku á móti hópnum. Eftir skoðun á húsinu var skipst á gjöfum og færðu ensku bræðurnir stúkunum nokkrar gjafir

sem þakklætisvott fyrir móttökurnar. Í framhaldi af þessu var hópnum síðan boðið í kaffi og kleinur hjá þeim hjónum bróður Hafþóri Gunnarssyni og Guðbjörgu Hjartardóttir í Skálavík. Síðan var haldið í fiskiveislu í Tjöruhúsinu á Ísafirði og að lokum sótti hópurinn bróður Bjarna Sólmundsson heim og þáði kvöldhressingu.

Haldið heim á leið

Á mánudeginum var aftur haldið suður með góðu stoppi við hinn stórkostlega foss Dynjanda og dagurinn endaður með kveðjukvöldverði í borginni.

Englendingarnir héldu svo heimleiðis eldsnemma næsta morgun, nokkuð lúnir eftir þéttþakkaða dagskrá á þessu pílagrímaferðalagi til að upplifa endurgerð fyrsta frímúrarafundar sem haldinn var á Íslandi. Gestirnir gerðu góðan róm að fundinum, félagsskapnum og ferðalaginu og deildu reynslu sinni um ferðina með fréttapistli á heimasíðu sinni. (<https://www.londonrosecroix.org.uk/st-peter/>)



Áð við Kambsnes.

Ljósmynd: Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir

Pétur Davíðsson
Sigurður Júlíusson



Fjöldmenn Regluhátið var haldin að nýju í janúar eftir að fjöldatakmörkunum lauk.

Ljós: Jón Svavarsson

Regluhátið haldin á ný

Einn af hápunktum Frímúrarastarfsins er án nokkurs efa Regluhátið, sem þetta árið var haldin með pomp og prakt laugardaginn 14. janúar síðastliðinn. Ekki hefur verið unnt að halda Regluhátið hátíðlega síðan árið 2020 vegna fjöldatakmarkana, og það var augljóst strax og opnað var fyrir skráningu á fundinn að áhuginn á því að geta fagnað saman að nýju var gríðarlegur. Færri komust að en vildu, en hátíðarfundinn sátu 452 bræður.

Sérlega gestkvæmt var á fundinum, en hann sóttu 23 háttsettir erlendir bræður sem heiðruðu okkur með nærveru sinni, frá nú þjóðlöndum, auk 13 maka þeirra. Tveir þessara gesta, bræður frá Englandi og Þýskalandi voru við þetta tilefni gerðir að heiðursfélögum Frímúrarareglunnar á Íslandi.

Tveir bræður voru sæmdir Heiðursmerki Reglunnar fyrir öflugt og óeingingjarnt starf innan hennar, þeir Sigmundur Örn Arngrímsson og Egill Rúnar Friðleifsson. Þá voru fjórir fyrrverandi Stólmeistarar sæmdir merki fyrrverandi Stólmeistara.

Nýtt heiðursmerki kynnt

Það bar til tíðinda að á fundinum



Nýju starfsaldursmerkin voru kynnt á Regluhátiðinni.

kynnti SMR Kristján Þórðarson nýtt heiðursmerki, Starfsaldursmerkið, sem veitt er bræðrum er náð hafa háum starfsaldri í Reglunni. Bræður er hafa náð 25 ára starfsaldri hljóta bronsmerki, silfurmerki hljóta bræður eftir 40 ára starf og gullmerki eftir 50 ára starf. Við þetta tækifæri afhenti SMR fyrstu slíku merkin til Stólmeistara sem náð hafa tilætluðum starfsaldri og fól í kjölfarið Jóhannesarstúkunum það verkefni að afhenda merkin stúkubræðrum sínum, og hófst sú vinna þegar í kjölfarið.

Þrírétta bróðurmáltíðin var að venju ljúffeng, og hátíðleg ávörp og

falleg tónlist gerðu samverustundina enn ánægjulegri.

Vel heppnaðir risafundir af þessu tagi gætu aldrei átt sér stað án mikillar og óeingingjarnrar vinnu ótal bræðra undir dyggri stjórn Síðameistara Landsstúkunnar. Öflug tækniþing sá um útsendingu um salarkynni Regluhússins og allar samskipti við bræðurna voru Reglunni til sóma, og er rétt að nota þetta tækifæri sem og öll önnur til að þakka fyrir þau vel unnu störf.

Pétur S. Jónsson

Græddur er geymdur eyrir

Greiðslur í lífeyrissjóð skipta sköpum um fjárhagslega afkomu eftir að atvinnuþátttöku lýkur

Allt frá upphafi hefur ein af grundvallarforsendum velferðarþjóðfélagsins verið sú, að hverju samfélagi beri skylda til að tryggja öldruðum „áhyggjulaust ævikvöld“ eins og það er stundum kallað og að það sé ein af skyldum samfélagsins að sjá til þess að hinir eldri búi við fjárhagslegt öryggi þegar ævistarf þeirra á vinnu-markaði lýkur.

Þrjár meginstoðir lífeyriskerfisins

Alþjóðabankinn hefur lagt til að lífeyriskerfi einstakra landa byggist á þremur meginstoðum. Þær eru eftirfarandi: Opinbert almannatryggingakerfi, lífeyrissjóðir og frjáls, einstaklingsbundinn sparnaður.

Íslenska lífeyriskerfið byggir á því þriggja stoða kerfi sem Alþjóðabankinn hefur gefið út:

- Almannatryggingar – Tryggingastofnun ríkisins TR
- Lífeyrissjóðir með sjóðsöfnun
- Frjáls sparnaður – séreignarsparnaður

Á Íslandi starfa lífeyrissjóðir í svokölluðu skyldubundnu samtryggingarkerfi. Samkvæmt því eiga allir launþegar og þeir sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur frá 16 ára til 70 ára aldurs að greiða iðgjald til lífeyrissjóðs sem nemur að lágmarki 15,5% af heildarlaunum, sem skiptist á milli launþega og launagreiðanda þannig að launþegi greiðir 4% iðgjald af launum, og mótframlag launagreiðanda er 11,5% iðgjald af launum. Hækkun á mótframlagi launagreiðanda tók gildi í janúar 2023 með breytingu á lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997. Þó má geta þess að í mörgum kjarasamningum var búið að hækka mótframlag launagreiðanda upp í 11,5% og hefur verið svo í mörgum kjarasamningum frá árinu 2018. Heimilt er að ráðstafa allt að 3,5% af mótframlagi atvinnurekanda í tilgreinda séreign en um hana gilda aðrar reglur en um séreignarsparnað. Þessu til viðbótar geta einstaklingar

greitt í séreignarsparnað 2-4% af launum og fá þá 2% mótframlag frá launagreiðanda en um séreignarsparnað var fjallað í síðasta tölublaði af Frímúrararannum.

Margvíslegur ávinningur

Af hverju er okkur gert skylt að greiða í lífeyrissjóð – hver er ávinningurinn að því?

Hann er eftirfarandi:

- Ævilangur lífeyrir.
- Örorku- og barnalífeyrir ef sjóðfélagi missir starfsgetu og verður fyrir tekjumissi vegna veikinda eða slyss.
- Maka- og barnalífeyrir er greiddur til maka og barna við fráfall sjóðfélaga.

Með samtryggingarkerfinu sam-einast sjóðfélagar um að tryggja hver öðrum lífeyri til æviloka.

Í áfallavernd felst það að sjóðfélagi sem missir heilsuna, og getur ekki unnið fyrir sér og sínum vegna sjúkdóms eða slyss og missir tekjur vegna þess, hefur rétt til örorkulífeyris að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Greiðslur eru háðar því sem greitt hefur verið til lífeyrissjóðs, hversu mikið starfsorka er skert og síðast en ekki síst hvort viðkomandi hefur öðlast rétt til framreiknings en þá reiknast örorkulífeyrir eins og sjóðfélagi hafi greitt af sömu launum til ákveðins aldurs. Eftir það tekur við hefðbundinn ævilangur lífeyrir. Reglur um framreikning vegna örorkulífeyris eru breytilegar á milli lífeyrissjóða og gott er að hver og einn kynni sér þær reglur sem gilda í þeim sjóði sem greitt er til.

Við fráfall fer hluti réttinda sjóðfélagsins til maka hans og barna. Þau fá greiddan lífeyri og að öllu jöfnu rennur mest til þeirra sem eiga ung börn sem getur skipt sköpum í fjárhagslegri afkomu fjölskyldna í slíkum aðstæðum.

Hvenær er rétt að hefja töku lífeyris?

Spurningin um það hvenær rétt sé að hefja töku lífeyris verður hver og einn að meta út frá sínum forsendum og aðstæðum. Ég hvet bræður og maka þeirra að huga að þessum málum tímanlega og hafa samband við ráðgjafa hjá sínum lífeyrissjóði til að fara yfir stöðuna. Flestir lífeyrissjóðir miða lífeyristökualdur við 67 ára aldur. Hægt er að flýta eða fresta töku lífeyris frá 60 ára aldri til 70 ára aldurs og enn og aftur er bent á það að þessar reglur eru mismunandi á milli lífeyrissjóða. Ef sjóðfélagi flýttir töku lífeyris fær hann lægri greiðslur á mánuði, en í lengri tíma og ef hann seinkar töku lífeyris fær hann hærri greiðslur mánaðarlega í skemmri tíma.

Íslenska lífeyriskerfið hefur vaxið og dafnað undanfarið ár og er nú svo komið að lífeyrissjóðir landsins standa undir stærstum hluta þeirra tekna sem lífeyrisþegar fá en lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum námu alls 185,6 milljörðum árið 2021 á meðan lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun námu 166,3 milljörðum á sama tíma. (Heimild www.ll.is)

Að njóta þriðja æviskeiðisins

Af þessum tölum má ráða mikilvægi lífeyrissjóða þegar kemur að töku lífeyris og fólk ætlar að fara að njóta þriðja æviskeiðisins. Fjárhagslegt öryggi skiptir einstaklinga máli, það er að hafa nægilegar tekjur þegar hefðbundnum atvinnutekjum lýkur. Það gerist ekki af sjálfu sér að eftirlaun verði ásættanleg en með því að byrja nægilega snemma að huga að lífeyrismálum sínum, skipuleggja sig og spara getur lífeyrir orðið nægur til að einstaklingar búi við góða fjárhagslega afkomu til að njóta árána eftir að atvinnuþátttöku lýkur.

Þór Egilsson



Stórtjón í frímúrararahúsinu Ljósatröð í Hafnarfirði

Á miðju ári 2021 lauk framkvæmdum við byggingu og frágang viðbyggingar við frímúrarahúsið Ljósatröð í Hafnarfirði. Viðbyggingin var kærkomin viðbót við þáverandi húsnaði, alls 119,5 fermetrar, veruleg stækkun á eldhúsi og ný geymsla sem beðið hafði verið eftir lengi.

Í tengslum við lok þessara framkvæmda og vegna ýmiss konar frágangs var farið í margs konar viðhald og endurbætur jafnhliða, s.s. að gera upp parket í báðum borðsölum, slípa og lakka, yfirfara og lakka aðaldyr stúkuhússins, smíða nokkrar hurðir innan dyra, mála o.fl.

Formleg vígsla á viðbyggingunni fór hátíðlega fram á haustmánuðum sama ár. Þessum framkvæmdum voru gerð góð skil í Frímúrararannum 2. tbl. 2021.

Verulegt vatnstjón vegna asahláku

Það dylst því engum að það var talsvert áfall fyrir frímúrara í Hafnarfirði síðla febrúarmánaðar 2022 þegar verulegt vatnstjón varð í stúkuhúsinu, þ.e. í viðbyggingu og aðalborðsal. Það gerði asahláku og stórrigningu ofan í snjóalög og ísilögð bílastæði. Svo fór að niðurföll stífluðust og vatnið fann sér leið upp um niðurfall inni í nýju geymslunni.

Parketið í borðsalnum gjöreyðilagðist og þurfti að leggja nýtt. Smíða þurfti að nýju innihurðir, sem sérsmíðaðar höfðu verið fyrir nýbygginguna, framkvæma málningarvinnu og svo mætti lengi telja. Fjárhagslegt tjón var metið á annan tug milljóna króna. Síðast en ekki síst var farið í vinnu til að stækka og lagfæra niðurföll og frárennslisrör utandyra og rjúfa sambandið á milli niðurfalls inni og niðurfalla úti til að fyrirbyggja að þetta gæti gerst aftur.

Sterkur og samstilltur bræðrahópur

Við þessar aðstæður reyndi á en bræðrahópurinn er sterkur og tók saman höndum við lagfæringar og uppbyggingu. Ekki var hætt við einn einasta viðburð sem hafði verið



Ljósmyndir: Friðgeir Magni Baldursson

Hamarsbræður vinna hörðum höndum við endurbætur eftir mikið vatnstjón. Allt er nú komið í samt lag.

ákveðinn í húsinu til vors og allir höfðu skilning á því að bræður urðu að athafna sig með öðrum hætti í borðsal vegna aðstæðna meðan á þessu stóð. Stjórn Ljósatraðar réðst strax í endurbætur þegar lokafundur höfðu farið fram. Í júnílok var allt afstaðið og fyrsta brúðkaupsveislan var haldin í húsinu skömmu síðar.

Starfið í Ljósatröð hefur gengið mjög vel þetta starfsárið, bæði hjá stúkunum í húsinu og einnig hafa aðrar stúkur haft talsverð afnot þar líka fyrir starfsemi sína.

*Friðgeir Magni Baldursson
Stólmeistari Hamars*



Ljósmyndir: Petur Davíðsson



Glatt á hjalla hjá Mælifellsbræðrum á Sauðárkróki.



Fjölmennur frímúrararafundur í Mælifelli

Hátíðar- og veislustúka var haldin í húsnaði St. Jóh.st. Mælifelli á Sauðárkróki 15. apríl sl. Fullkomin Sankti Jóhannesarstúka var stofnuð sunnudaginn 6. maí 2001 og voru stofnfélagar 64. Stofnfundurinn var haldinn í Stúkuhúsinu, Skógargötu 1, og hófst kl. 10:30 og var 141 bróðir á fundinum. Hátíðar- og veislustúkan að loknum stofnfundi fór svo fram í Ljósheimum, félagsheimili rétt utan við Sauðárkrók.

Fjöldi bræðra sótti H&V fundinn 15. apríl og var met í fundarsókn slegið frá fyrri tíð, en 150 bræður

sóttu fundinn og kom fjöldi gesta viðs vegar að. Fjöldi bræðra úr St. Jóh. stúkunum Rún, Lilju og Sindra fjölmenntu m.a. ásamt æstu stjórnendum Reglunnar, Hersi Stórmeistara, Stallara R., Merkisbera R., Stjórnandi Meistara Stúartstúkunnar á Akureyri, Yngri Stór Stólverði og Stór Siðameistara Reglunnar auk embættismanna Landsstúkunnar.

Á fundinum var Kristján S. Sigmundsson, Hersir Stórmeistara, sæmdur heiðursmerki St. Jóh.st. Mælifells ásamt því að 22

starfsaldursmerki voru veitt. Einnig fluttu söngstjóri Mælifells, Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson, ásamt br. Steinari Gunnarssyni tónlist á fundinum.

Stólmeistari flutti erindi og ræddi nýafstaðin húsakaup stúkunnar og tækifæri sem þau skapa fyrir starfið til framtíðar. Varamleistari ræddi svo um í borðhaldi bræðralagið og samfélagið sem er mikilvægt með mætingu á fundi og þátttöku í viðburðum.

Jón Þorsteinn Sigurðsson



Fjöldi fólks tók þátt í kynningarfundum um Frímúrararegluna.

Ljósmyndir: Sigurður Júlíusson

Kynningarfundir um starfsemi Frímúrarareglunnar

Undanfarna mánuði hefur Fræðaráð og Erindreki í samstarfi við Stólmeistara nokkurra St. Jóhannesarstúkna staðið fyrir vel heppnuðum kynningarfundum um Frímúrararegluna, starfsemi hennar, markmið og tilgang.

Forsögu þessara funda má m.a. rekja til þeirra áhrifa sem Covid-faraldurinn hafði á stúkustarf og virkni bræðra. Stjórnvöld settu á víðtæk samkomutakmarkanir til að draga úr útbreiðslu sjúkdómsins og vernda þá sem veikastir voru fyrir og á tímabili ríkti algjört samkomubann. Þetta var erfitt tímabil, ekki bara fyrir bræður og Regluna heldur samfélagið í heild. Minni virkni félagsmanna á þessum

tíma endurspeglast jafnframt í færri nýjum umsóknum um félagsaðild. Sömu þróunar varð vart hjá dönsku, norsku og sænsku Frímúrarareglunum og í einhverjum tilvikum varð beinlínis um tímabundna fækkun að ræða í félagafjölda hjá þeim. Sú varð þó ekki raunin hér á landi. Staðan í þessu efni jafnt héraendis sem erlendis hefur hins vegar verið að færast jafnt og þétt til betri vegar og á það bæði við um fundabátttöku og aukinn fjölda umsókna um félagsaðild.

Aukin virkni bræðra

Eftir því sem liðið hefur á starfsárið hefur virkni bræðra aukist og beiðnum um inngöngu fjölgað. Aukinn

áhuga á félagsaðild má að einhverju marki skýra með afar vel heppnuðum kynningarfundum sem haldnir voru í Hafnarfirði og Reykjavík í nóvember 2022 og á Akureyri í mars sl. Fyrirmynd þessara funda er sótt til dönsku, norsku og sænsku Reglnanna sem staðið hafa fyrir slíkum fundum um nokkurt skeið en innihald og umgjörð aðlagað að íslenskum aðstæðum.

Á kynningarfundum Frímúrarareglunnar á Íslandi hefur verið lögð áhersla á virka aðkomu stjórnenda stúkna og á að efla hlutverk meðmælanda, en það eru meðmælendur sem sækja um aðild að Frímúrarareglunni fyrir hönd innsækjandans, styðja hann með ráðum og dáð og eru inn-



Frummælendur á kynningarfundum. F.v. Vilhjálmur Skúlason, Guðmundur Ragnar Magnússon, Guðbjörn Jóhann Kjartansson, Guðmundur Kr. Tómasson og Steingrímur B. Gunnarsson



Eiríkur Finnur Greipsson.



Guðmundur Kr. Tómasson.



Vilhjálmur Skúlason.

sækjandanum innan handar fyrstu árin í Reglunni.

Kynningarfundirnir hafa verið haldnir í Regluheimili eða húsakynnum viðkomandi stúku. Fundirnir eru ekki opnir í þeim skilningi að hver og einn geti labbað inn af götunni. Fyrirkomulagið er með þeim hætti að bræður bjóða til fundar mönnum sem þeir telja að geti átt heima innan veggja Reglunnar ásamt mökum þeirra eða sambúðarmökum.

Heildstæð og samhæfð kynning

Hvað innihald og umgjörð fundanna varðar var útbúin heildstæð og samhæfð kynning sem m.a. er aðlöguð að starfsemi viðkomandi stúku en byggir einnig á upplýsingum sem öllum eru aðgengilegar í útgefnu upplýsinga- og fræðsluefni Reglunnar, á heimasíðu hennar og í vandaðri kynningarmynd um frímúrarastarfið sem gerð var í tengslum við 100 ára afmælishátíð Reglunnar árið 2019.

Á rúmlega 60 mínútum eru flutt sjö stutt erindi sem varða innihald og boðskap frímúrarastarfsins, sögu þess og skipulag og stuðning við góð mál efni. Rætt er um starfsemi Frímúrarareglunnar í nútímasamfélagi og greint frá helstu þáttum í reglubundnu starfi Jóhannesarstúkna. Bróðir sem nýlega hefur gengið til liðs við Regluna greinir frá upplifun sinni og fundargestir fá að heyra sýn og sjónarmið systur. Að lokum er svo farið yfir helstu atriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga ef menn hyggjast sækja um félagsaðild. Í kjölfarið hafa gestir tækifæri til að varpa fram spurningum sem svarað er eftir bestu getu. Þá er gestum boðið að skoða hluta af því húsnæði sem viðkomandi stúka/stúkur nýta í starfsemi sinni.

Jákvæð upplifun gesta

Þátttaka í þessum fundum hefur verið afar góð. Í Hafnarfirði mættu tæplega 60 manns, í Reykjavík um

250 manns og á Akureyri rúmlega 90 manns. Innihald og heildstætt yfirlit hefur framkallað mjög jákvæða upplifun gesta. Fundir af þessu tagi eru ekki aðeins upplýsandi fyrir þá sem hyggjast sækja um félagsaðild og fjölskyldur þeirra, þeir eru einnig liður í að miðla réttum upplýsingum um markmið og tilgang frímúrarastarfsins, leiðréttu ranghugmyndir og draga úr fordómum sem á þeim byggjast.

Margir Stólmeistarar stúkna utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar hyggjast á hausti komanda bjóða upp á sambærilega fundi, hver á sínu starfssvæði. Fundirnir verða auglýstir á heimasíðu Reglunnar með góðum fyrirvara.

Guðmundur Kr. Tómasson
YAR



Bræðrahópurinn var stór. Hópmýnd af Veritas- og Glitnisbræðrum.

Ljósmyndir: Kristján Maack



Vilhjálmur Skúlason, Stólmeistari Glitnis, afhendir Stólmeistara Veritas, Ronni Holm Hansen, gjöf eftir Þór Sigmundsson, steinsmið og Glitnisbróður.

Kaupmannahafnarferð Glitnisbræðra og systra

Dagana 9.-12. mars sl. fjölmenntu Glitnisbræður og systur til Kaupmannahafnar. Var ferðin öll hin ánægjulegasta. Gist var á Skt. Petri hótelinu, á besta stað í Kaupmannahöfn, í seilingarfjarlægð frá Sívaliturninum (Rundetårn). Hópurinn taldi um 160 bræður og systur.

Á fimmtudeginum sóttu bræður upptökufund á I. stigi hjá St. Jóh.-stúkunninni Veritas í Stamhuset við Blegdamsvej, Österbro. Veritas er yngsta Jóhannesarstúkan í Stamhuset

við Blegdamsvej, stofnuð 22. september 1990. Fundurinn var mjög áhuga-verður og fróðlegt var að fylgjast með hinum dönsku bræðrum okkar við framkvæmd fundarins. Móttökur Veritas-bræðra voru einnig framúrskarandi og ríkti mikil bræðralag á fundinum.

Forkunnarfalleg gjöf

Við bróðurmáltíðina flutti Vilhjálmur Skúlason, Stólmeistari Glitnis, ávarp. Hann þakkaði fyrir mót-

tökurnar og færði Veritas-bræðrum forkunnarfallega gjöf, eftir bróður okkar og hagleiksmanninn Þór Sigmundsson steinsmið. Gripurinn sem er kúbus, er unninn úr íslensku basalti, hann er hrjúfur að utan en hefur að geyma annan slípaðan kúbus inni í sér.

Á meðan bræður sóttu frímúrara-fundinn fóru systur á veitingastaðinn Tíght og þar tóku á móti þeim Helga Hauksdóttir, sendiherra Íslands í Danmörku og Halla Benediktsdóttir,



Glitnisbræður og systur taka undir söng.

Glitnisbræður mæta til fundar í Stamhuset við Blegdamsvej.

umsjónarkona Jónshúss í Kaupmannahöfn. Þær kynntu starfsemi sendiráðsins og hina fjölbreyttu starfsemi sem fram fer í Jónshúsi. Skemmtu systur sér konunglega.

Hátíðarkvöldverður og hallarheimsókn

Á föstudeginum stóð bræðrum og systur til boða að fara í heimsókn í frímúrarahúsið, Stamhuset við Blegdamsvej, og nýttu mjög margir sér þann kost.


Um kvöldið var svo komið að einum af hápunktum ferðarinnar, hátíðarkvöldverði sem haldinn var á Skt. Petri hótelinu. Haft var á orði að sjaldan eða aldrei hefðu bræður og systur skemmt sér jafnvel. Skemmtidagskráin var í höndum bróður Jónasar Þóris Þórissonar og bróður Ásgeirs Páls Ágústssonar. Þeir léku á als oddi langt fram á kvöld og héldu þeim engin bönd. Sérstakur gestur var Stólmeistari Veritas, Ronni Holm Hansen og Elisabeth eiginkona hans.

Á laugardegnum var boðið upp á ferð til að skoða varðmannaskiptin við Amalienborg undir leiðsögn Varameistara Veritas en hann er jafnframt starfsmaður konungshallarinnar.

Á sunnudeginum bjuggust Glitnisbræður og systur til heimfarar eftir frábæra ferð, sem svo sannarlega eflir vináttu og styrkir tengsl bræðra og systra um ókomna tíð og eflir bræðralag með okkar dönsku Veritasbræðrum.

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

FREMST Í HEILSU



k.
VERSLUN



Eftir heimsókn á 1° fund í St. Jóh.st. Eddu 1° 28. mars 2023.

Aftasta röð, f.v.: Fredrik Nyström X°, Fyrsti Marskálkur Austra Gautaland; Ulf M Mattsson X°, Ritari vitjunarmeistara Stórmeistara Frímúrarareglunnar í Svíþjóð; Jan Burensjö X°, Annar varameistari St. Jóh.st. Den Mellersta Pelaren; Jonas Ekerotk X°, Fyrsti ræðumeistari í Bræðrastúkunni Verítas.

Miðröð, f.v.: Anders B Johansson X°, Fyrsti vara Próvinsíalmeistari í Austra Gautaland; Halldór Sveinsson X°, Stm. St. Jóh.st. Astræa; Björn Ottoson X°, Stm. St. Jóh.st. Den Mellersta Pelaren; Eiríkur Hreinn Helgason X°, Stm. St. Jóh.st. Eddu.

Fremst, f.v.: Snorri Magnússon R&K, Stór-Síðameistari; Kristinn Guðmundsson R&K, Ræðismaður Reglunnar; Kristján Sigmundsson R&K, Hersir Stórmeistarans; Björn Börsbo R&K, Vitjunarmeistari Stórmeistara Frímúrarareglunnar í Svíþjóð; Olof Sköld R&K, Stór Stúart Meistari, Stóra Landsstúkan í Stokkhólmi.

Sænskir „Bræður á ferðalagi“

Fyrir 15 árum ákváðu 8 bræður frá Jönköping í Svíþjóð að kalla sig „Bræður á ferðalagi“. Þeir gerðu að takmarki sínu að heim- sækja allar héraðsstúkur í Sænsku frímúrarareglunni ásamt Helsinki

– en þessar héraðsstúkur eru 8 talsins. Þegar því var lokið, beindu þeir sjónum sínum að bræðrum á hinum Norðurlöndunum.

Heimsóknir í Landsstúkurnar í Osló og Kaupmannahöfn eru að baki. Núna í mars náðu þeir loka- takmarki sínu og heimsóttu Landsstúku Frímúrarareglunnar á Íslandi. Heimsókn þeirra á fund- ina og með systur til landsins er ógleymanleg að þeirra sögn.

Með bræðrunum í för var einnig Halldór Sveinsson, en hann er Stólmeistari St. Jóhannes- arstúkunnar Astræa.

Bræðurnir sóttu tvo fundi, 1° fund í St. Jóh.st. Eddu og einnig VIII° fund í Landsstúkunni.

*Björn Börsbo og
Pétur Davíðsson*

BLIKKVAL
EHF

Sími: 562 1030 - 770 0895

agust@blikkval.is

EIRVÍK



Töfrar eldamenskunnar byrja með Eirvík

Suðurlandsbraut 20 / 108 Reykjavík / 588 0200 / eirvik.is.



Georg Skæringsson.

Nýr Stólmeistari St. Jóh.st. Hlés

Þann 22. febrúar fór fram Stólmeistarakjör í St. Jóh.st. Hlé í Vestmannaeyjum. Kjörinn var bróðir Georg Skæringsson og var hann settur í embættið laugardaginn 4. mars af Skúla Lýðssyni, ÁMR.

Georg er fæddur þann 23. mars árið 1966 í Vestmannaeyjum. Foreldrar hans eru br. Skæringur Georgsson húsasmíðameistari og Sigrún Óskarsdóttir sjúkralíði. Georg lauk sveinsprófi í múrverki árið 1991, útskrifaðist frá Framhaldsskóla Vestmannaeyja með 1500 kw. vélstjóra-réttindi og frá Tækniskóla Íslands með 45 metra skipstjórnarréttindi.

Georg hefur starfað sem sjálfstæður múrari auk þess að vera verkefnastjóri hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja í um það bil 13 ár. Auk þess starfar hann sem verkefnastjóri og umsjónarmaður fasteigna hjá Vestmannaeyjabæ, hefur verið í Slökkviliði Vestmannaeyja frá árinu 1992 og rekið útfararþjónustu í Vestmannaeyjum frá árinu 1999.

Georg gekk í St. Jóh.st. Hlé árið 2002 og hefur sinnt ýmsum embættum þar, bæði á meðan hún var Fræðslustúka og eftir að hún varð fullgild St. Jóhannesarstúka, en hann er einn af stofnendum stúkunnar. Má þar nefna E. Stv., Am. og Vm. í Hlé og Y. og E. Vbr. í Fræðslustúkunni.

Georg er kvæntur Guðnýju Björgvinsdóttur þjónustustjóra og eiga þau 3 börn og 7 barnabörn.



Þorvarður Guðmundsson.

Nýr Stólmeistari St. Jóh.st. Sindra

Þann 14. febrúar fór fram Stólmeistarakjör í St. Jóh.st. Sindra. Kjörinn var Þorvarður Guðmundsson og var hann settur í embætti þann 28. febrúar af Sigurði Kr. Sigurðssyni, DSM.

Þorvarður er fæddur í Reykjavík þann 28. febrúar 1966, sonur hjónanna Ólínu G. Melsted og Guðmundar Jónssonar. Hann ólst upp í Keflavík, lauk stúdentsprófi af viðskiptabraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja og starfaði síðar sem íslensku- og dönskukennari frá KHÍ. Hann hefur einnig lokið grunn- og framhaldsnámi í markþjálfun frá Evolvía.

Árið 1990 fluttist Þorvarður að Laugarbakka í Miðfirði þar sem hann kenndi um árabil. Í Vestur-Húnavatnssýslu bjó hann ásamt fjölskyldu sinni í 18 ár og starfaði auk kennslu sem ferða- og atvinnumálafulltrúi, skólalámbúastjóri og fleira. Þegar hann flutti suður aftur kenndi hann við Myllubakkaskóla í Reykjanesbæ og Menntastöðir hjá Menntun Símenntunar á Suðurnesjum. Frá árinu 2014 hefur hann verið forstöðumaður Fjölskiðjunnar á Suðurnesjum.

Þorvarður gekk í St. Jóh.st. Mællifell þann 1. mars 2005 en flutti sig í St. Jóh.st. Sindra árið 2008. Þar hefur hann gegnt embættum vRm. og Rm. og síðast Vm. frá 2021.

Þorvarður er kvæntur Ingunni Pedersen, gjaldkera og innheimtustjóra og eiga þau 3 syni og 4 barnabörn.



Guðmundur Ásgeir Eiríksson.

Nýr Stólmeistari St. Andr.st. Helgafells

Þann 29. mars síðastliðinn fór fram Stólmeistarakjör í St. Andr.st. Helgafelli. Kjörinn var br. Guðmundur Ásgeir Eiríksson og var hann settur í embætti þann 12. apríl af YAR, Guðmundi Kr. Tómassyni.

Guðmundur er fæddur 6. ágúst 1957 í Reykjavík, sonur hjónanna Guðnýjar Þorvaldsdóttur og Eiríks Ásgeirssonar.

Guðmundur lauk prófi í bifvéla-virkjun árið 1978 frá Iðnskólanum í Reykjavík og starfaði við það fag í 20 ár hjá ýmsum fyrirtækjum, þar á meðal B&L og P. Samúelssyni. Þá sótti Guðmundur nám í forritun og kerfisstjórnun, og hefur hann starfað við það síðan hjá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, þar sem hann gegnir stöðu kerfisstjóra.

Hann gekk í St. Jóh.stúkuna Eddu 1987 gegndi þar embætti V.sm. Í St. Andr.st. Helgafelli hefur Guðmundur starfað síðan árið 2000 og gegnt þar embættum aSm., vSm., R. og Vm.

Guðmundur flutti búferlum með fjölskyldu sína í Hafnarfjörð árið 1978 og hefur búið þar síðan. Hann er kvæntur Elínborgu Worms Halldórsdóttur og eiga þau tvo syni og fimm barnabörn.



TILBOÐ
2 fyrir 1
 af margskiptum glerjum

PLUSMINUS | OPTIC

Smáralind - Sími 517 0317 - www.plusminus.is



Eiríkur Ronald Jósefsson.

Nýr Stólmeistari St. Jóh.st. Mímis

Þann 11. mars síðastliðinn fór fram Stólmeistarakjör í St. Jóh.st. Mími. Kjörinn var bróðir Eiríkur Ronald Jósefsson, og var hann í kjölfarið settur í embætti þann 27. mars af HSM, Kristjáni S. Sigmundssyni.

Eiríkur er fæddur þann 19. janúar 1965 í Michigan og voru foreldrar hans Hrafnhildur Sumarliðadóttir og Jerry Lee Faninn, þau eru bæði látin.

Eiríkur starfaði sem lögreglumaður hjá embætti Ríkislögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli frá 1986 til 1990 en þá fluttist hann búferlum til Akureyrar og hóf þar störf hjá Slökkviliði Akureyrar. Árið 1997 réð hann sig til starfa hjá Neyðarlínunni 112 og var þar til loka árs 2007 er hann flutti sig yfir til Securitas.

Eiríkur gekk í St. Jóh.st. Mími þann 21. nóvember árið 2005 og starfaði í Mími sem vSm. frá 2009-2015, vY.Stv. 2015-2016, vE.Stv. 2016-2017, Sm. 2017-2018, Am. 2018-2021 og Vm. 2021-2023 auk þess að vera vf.Brn. 2019-2021 og Br.form. 2019-2023. Í Rannsóknarstúkunni Snorra hefur hann gegnt embætti vSm. frá 2013-2015, Sm. 2015-2017 og vSm. 2017-2022. Eiríkur hefur einnig gegnt stöðu Mstj. Kl. Óðins frá 2022.

Eiríkur er kvæntur Þórdísi Hauksdóttur og eiga þau tvo syni, þá Hauk og Jörund Ísak en Eiríkur á fyrir soninn Kristján Esra.



Stefán E. Matthíasson.

Nýr Stólmeistari St. Jóh.st. Iðunnar

Þann 11. mars fór fram Stólmeistarakjör í St. Jóh.st. Iðunni. Kjörinn var Stefán E. Matthíasson og var hann settur í embættið 1. apríl af Sigurði Kr. Sigurðssyni, DSM.

Stefán er fæddur á Akureyri þann 4. maí 1958, sonur Matthíasar Einarssonar og Jóhönnu Maríu Pálmadóttur. Hann lauk stúdentsprófi frá MA árið 1978, lærði efnafræði í Bandaríkjunum en lauk síðan læknaprófi frá HÍ. Eftir nám og vinnu á Íslandi lá leiðin til Svíþjóðar, þar sem Stefán lauk sérfræðinámi í almennum skurðlækningum og æðaskurðlækningum.

Doktorspróf frá Háskólanum í Lundi tók hann árið 1994 og starfaði á Háskólasjúkrahúsinu í Malmö og Helsingborg og Bandaríkjunum að auki. Hann hóf störf á Sjúkrahúsi Reykjavíkur 1996, var yfrlæknir æðaskurðlækninga á Landspítala Háskólasjúkrahúsi og Dósent við lækna-deild HÍ.

Stefán var stjórnarformaður Læknamiðstöðvarinnar Lækningar og Skurðstofunnar ehf. til 2019, og síðan framkvæmdastjóri Skurðstofunnar. Hann var formaður Samtaka heilbrigðisfyrirtækja frá 2008-2019.

Stefán gekk í St. Jóh.st. Fjölni árið 2001 og hefur gegnt ýmsum embættum í Reglunni síðan, síðustu 6 ár sem Vm. Iðunnar.

Stefán er kvæntur Ásdísi Ólöfu Gestsdóttur, flugmanni og viðskiptafræðingi. Hann er faðir 5 barna og á 6 barnabörn.



Skúli Berg.

Nýr Stólmeistari St. Jóh.st. Njálu

Þann 16. mars 2023 var Skúli Berg skipaður Stólmeistari St. Jóh.st. Njálu á Ísafirði og tók hann í kjölfarið við embættinu með innsetningu þann 29. apríl 2023.

Skúli er fæddur þann 26. janúar árið 1963, sonur hjónanna Jónínu Ísleifsdóttur húsmóður og Kjartans Milson Berg sjómanns. Þau eru bæði látin.

Skúli starfar sem lögreglufulltrúi hjá Lögreglunni á Vestfjörðum, en hann hefur starfað í lögreglunni frá árinu 1983. Hann lauk námi frá Lögregluskóla ríkisins árið 1989, og hefur síðan setið ýmis námskeið og ráðstefnur í tengslum við lögreglustarfið. Skúli hefur einnig tekið að sér ýmis önnur störf bæði til sjós og lands, og látið til sín taka á sviði félagsmála og hjörgunarmála.

Skúli gekk í St. Jóh.st. Njálu þann 28. febrúar árið 2005. Hann hefur gegnt ýmsum embættum þar, verið v.Sm Njálu frá 2007 til 2012, Sm. frá 2012 til 2021 og v.Sm St. Andr.st Hörpu frá 2014 til 2023. V.sv. í fræðslustúkunni Hörpu. Hann var Vm. Njálu frá 2021 til 2023 og sat í Brn. frá 2007 til 2023.

Skúli er kvæntur Auði Yngvadóttur frá Ísafirði, grunnskóla- og ökukennara. Þau eiga sex börn og átta barnabörn.



Helgi Pétursson flutti Ríó-syrpu ásamt þremur Mímisbræðrum, Frá vinstri Eiríkur Hilmisson, Bjarni Sveinbjörnsson, Helgi Pétursson og Örnólfur Örnólfsson.

Glæsilegur afmælisfundur Mímis

Undir lok dags þann 13. febrúar síðastliðinn lögðu fjölmargir bræður leið sína í Regluheimilið í Reykjavík. Til efnið var ekki af smærri gerðinni.

Komið var að því að fagna 70 ára afmæli stúkunnar Mímis sem stofnuð var þann 14. febrúar árið 1953. Varð hún þriðja fullgilda St. Jóhannes-

arstúkan hér á landi og sú fyrsta sem hlaut fullgildingu á vettvangi sjálfstæðrar Frímúrarareglu á Íslandi. Áður höfðu stúkunar Edda í Reykja-

Stofnfundur Mímis



Stofnfundur St. Jóh.st. Mímis var haldinn samkvæmt fundargerðabók árið 5953 á fjórtánda degi annars mánaðar, sem var Valentínusarmessa. Fundargerð stofnfundarins, sem Benedikt G. Waage ritaði, segir frá upphafinu á mjög myndrænan hátt. Þar segir orðrétt:

„Klukkan átján tóku allir viðstaddir St. Jóh. og St. Andr. bræður sér stöðu í fundarsal St. Jóh ungrbræðra. – Dauf skíma lýsti salinn. Ljúfir ómar hátíðlegrar hljómlistar bærust blítt og milt um salarkynni Reglunnar. – Að stuttri stundu liðinni breyttist hljómlistin í virðulegt göngulag og von bráðar nálgadist fylking Stórstúkubræðra, er fylgdu æðstu embættismönnum og hinum Æðsta stjórnanda Frímúrarareglunnar á Íslandi.“

Þegar allir voru komnir inn í stúkusalinn afhenti Æðsti Kennimaður Reglunnar, Stórmeistara Reglunnar Heilaga Ritningu sem hann lagði frá sér á altarið og tendraði síðan frímúraraljós hinnar nýju stúku á altarinu svo birtu lagði um stúkusalinn.

Embættismenn og stofnfélagar hinnar nýju stúku voru kallaðir fram og þeim afhent Stofnskrá St. Jóh.st. Mímis ásamt skipunarbréfi fyrir stúkuna.

vík og Rún á Akureyri verið stofnaðar auk fræðslustúkunnar Njálu á Ísafirði.

Þegar Guðundur Ragnar Magnússon Stólmeistari setti fundinn klukkan sjö voru 270 bræður úr fjölmörgum stúkum landsins samankomnir í hátíðarsal Regluheimilisins.

Fundarstörf voru með hefðbundnu sniði en mikið var lagt upp úr tónlistarflutningi. Þar kom Frímúrarakórinn að sjálfsgöðu við sögu ásamt tónlistarmönnum Jónasi Þóri Þórisssyni, Kantor Reglunnar, Hjörleifi Valssyni fíðluleikara og Bjarna Sveinbjörnssyni bassaleikara. Voru þar flutt íslensk lög og m.a. þau sem samin hafa verið til notkunar í stúkustarfi Mímis. Þá var tónverkið *Koma drottningarinnar af Saba* úr óratoríunni *Salómon* eftir tónskáldið Georg Friedrich Händel, titillagið úr kvikmyndinni *Listi Schindlers* eftir John Williams og *Once upon a time in the West* eftir Ennio Morricone úr samnefndri kvikmynd, flutt.

Heiðursmerki veitt

Á fundinum nýtti Stólmeistari tækifærið og afhenti nokkrum bræðrum 40 og 50 ár starfsaldursmerki sem nýlega hafa verið innleidd á vettvangi Reglunnar. Þá veitti hann einnig 15 bræðrum heiðursmerki Mímis fyrir vel unnin störf í þágu stúkunnar.

Á fundinum fluttu Lárus Ingólfsson, ræðumeistari stúkunnar og Stólmeistari erindi sem fjölluðu um eðli og inntak frímúrarastarfsins.

Sagan rakín í tónum og tali

Undir borðhaldi kvaddi Kári Allansson, söngstjóri stúkunnar, sér hljóðs og rakti fyrir bræðrunum, með fulltingi Bjarna Atlasonar, söngvara og bræðrum sem skipa Mímistóna, sögu stúkunnar í 10 ára tímabilum allt frá 1953 til dagsins í dag.

Þá voru stúkunnar fluttar árnaðaróskir frá St. Jóhannesarstúkum landsins og St. Andrésarstúkum sömuleiðis. Það gerðu þeir Marínó Kristinn Hákonarson, Stólmeistari

Njálu og Guðmundur Ásgeir Eiríksson, Varamleistari Helgafells.

Helgi Þjé hefur engu gleymt

Óvænt steig svo Helgi Pétursson, Glitnisbróðir og einn þriggja forsprakka hins ódauðlega Ríó-tríós, á stökk ásamt nokkrum Mímisbræðrum og flutti Ríó-syrpu og var stemningin undir atriðinu frábær. Ljóst er að Helgi hefur engu gleymt þegar kemur að gömlum tóktum.

Svo löng og efnismikil var dagskrá fundarins að klukkan var langt gengin í eitt, aðfaranótt þriðjudagsins 14. febrúar þegar bræður héldu heim að störfum loknum. Sögðu gárungar í þeirra hópi að þetta hafi allt verið eftir vilja Stólmeistara sem halda vildi upp á afmæli stúkunnar á sjálfan stofndaginn. Til þess hafi þurft að efna til tveggja daga fundar í stúkunnar.

Að borðhaldi loknu var öllum bræðrum afhent nýútgefið afmælisrit stúkunnar.

Stefán Einar Stefánsson



Bók um sögu starfsins

Samhliða afmælishátíðinni var gefið út nýtt og glæsilegt afmælisrit sem afmælisnefnd Mímis hefur unnið að á undanförunum árum. Hlaut ritið nafnið Gjallarhorn – Úr viskubrunni Mímis. Er bókin, sem bundin er inn í harðspjald í bláum lit, 240 síður að lengd. Eru þær að stærstum hluta ríkulega myndskreyttar.

Í fyrsta hluta bókarinnar er upphafið að stofnun stúkunnar rakið og þar er einnig birt í heild sinni afar fróðlegt erindi Freysteins Gunnarssonar um hug-

myndina og táknfræðina að baki nafngift hennar. Í öðrum hlutanum er að finna 15 athyglisverð og fjölbreytt viðtöl við menn sem allir eiga það sameiginlegt að hafa gengið í stúkuna Mími á ólíkum tímum. Í þriðja hlutanum segir frá fundarstörfum, ferðalögum, Systrakvöldum og öðru því félagsstarfi sem stúkan hefur í langri sögu sinni staðið fyrir. Í síðasta hlutanum er svo að finna samantekt á sögulegu efni þar sem kennir ýmissa grasa.

REKSTUR TÖLVUKERFA ER OKKAR SÉRSVIÐ

Hagstæðar lausnir fyrir fyrirtæki,
stofnanir, sveitarfélög og sjálfstæða
atvinnurekendur

YFIR 20 ára
REYNSLA



 TÖLVUAÐSTOÐ

Tölvuaðstoð ehf. - 5 500 200 - info@tolvuadstod.is - tolvuadstod.is

ÞÚ AFRITAR EKKI EFTIR Á ÖRUGG AFRITUN AF ÞÍNUM GÖGNUM

ALLT SKÝIÐ
Á ÖRUGGUM STAÐ

AÐGENGI AÐ TÖLVUM
OG VEFÞJÓNUM 24/7

AFRITAÐU ÖLL
ÞÍN SKJÖL



AFRIT

Nánari upplýsingar á afrit.is eða í síma 5 500 200

Minjasafnið

Heiðursmerki austurríska Rauða krossins

Franz Josef I Austurríkiskeisari stofnaði heiðursmerkið árið 1914, en þegar austurríska keisaradæmið leið undir lok árið 1918 var hætt að veita þetta og önnur heiðursmerki sem höfðu verið veitt í nafni keisarans.

Þjóðþing (Nationalrat) Austurríkis endurreisti heiðursmerkið með lögum árið 1923. Kanslari Austurríkis veitti heiðursmerkið að tillögu sex manna nefndar. Rauði Kross Austurríkis tilnefndi formann nefndarinnar og tvo nefndarmenn, kanslari Austurríkis tvo nefndarmenn og ráðuneyti félagsmála einn nefndarmann. Heiðursmerkið var veitt þeim einstaklingum, erlendum sem innlendum, sem staðið höfðu í fararbroddi í sjálfböðinni þjónustu í góðgerðar- og mannúðarmálum innan Austurríkis. Var sérstaklega tiltekið starf við neyðaraðstoð og almannaheill.

Heiðursmerkið var veitt á árunum 1934-1938.

Heiðursmerkið sem hér er sýnt er 3. stig merkisins. Það stig var fyrst veitt 5. desember 1934 og voru einungis 74 merki af þessu stigi veitt.

Br. Ludvig Emil Kaaber, R&K og fyrsti Stólmeistari St. Jóh.st. Eddu, var sæmdur þessu heiðursmerki 5. desember 1934 og var meðal fyrstu manna sem hlutu merkið.

Í blaðinu *Frímúrarinn* frá apríl 2017 er sagt frá neyðarhjálp Íslendinga á árunum 1920-1922. Nokkrir bræður úr St. Jóh.st. Eddu komu að þessari aðstoð með einum eða öðrum hætti og ber helst að nefna br. Ludvig Emil Kaaber, br. Svein Björnsson, br. Gunnlaug Einarsson og br. Hallgrím Kristinsson.



Heiðursmerki austurríska Rauða Krossins var veitt þeim sem staðið höfðu í fararbroddi í sjálfböðinni þjónustu í góðgerðar- og mannúðarmálum innan Austurríkis. Br. Ludvig Emil Kaaber R&K og fyrsti Stólmeistari St. Jóh.st. Eddu var sæmdur þessu heiðursmerki 5. desember 1934.

Br. Ludvig tók að sér að koma söfnunarfé úr landssöfnun á Íslandi til skila til Vínarborgar en til söfnunarinnar var stofnað vegna hungursneyðar í Austurríki eftir lok fyrri heimsstyrjaldarinnar. Auk þessa stóðu bræður í Eddu að því verkefni árið 1922 að bjóða austurrískum ungmönnum til sumardvalar á Íslandi.

Sem viðurkenningu fyrir þetta mannúðarstarf var br. Ludvig veitt heiðursmerkið „Offiziers-Ehrenzeichen vom Roten Kreuz“ árið 1934.

*Halldór Baldursson og
Árni Gunnarsson tóku saman*

Styrktarauglýsingar

Styrktarauglýsingar

Frá Stjórnstofu



Á Stórhátíð Reglunnar hinn 16. mars síðastliðinn gaf Stórmeistari

Frímúrarareglunnar á Íslandi út eftirfarandi tilskipun um skipan embættis í Landsstúkunnni, Stúartstúkunnni og Ráðum Reglunnar til næstu Stórhátíðar.

Yfirembættismenn Landsstúkunnar

- Háttupplýstur br. r.p. Lárus J. Atlason, sem gegnt hefur embætti Y.Yf.Stv. í lögskipaðan tíma, er hér með leystur frá embætti.
- Háttupplýstur br. r.p. Jóhann Loftsson er hér með skipaður Y.Yf.Stv.
- Háttupplýstur br. r.p. Halldór Baldursson, sem gegnt hefur embætti Skv.R., er hér með leystur frá embætti að eigin ósk.
- Háttupplýstur br. r.p. Björn Óskar Björgvinsson er hér með skipaður Skv.R.
- Upplýstur br. Jón Sævar Baldvinsson, sem gegnt hefur embætti Bv.R., er hér með leystur frá embætti að eigin ósk.
- Háttupplýstur br. r.p. Steingrímur B. Gunnarsson er hér með skipaður Bv.R.
- Háttupplýstur br. r.p. Albert Sveinsson, sem gegnt hefur embætti FSMR í lögskipaðan tíma, er hér með leystur frá embætti.

Almennir embættismenn Landsstúkunnar

- Háttupplýstur br. r.p. Örn Þór Arnarson, sem gegnt hefur embætti E.Sm., er leystur frá embætti að eigin ósk.
- Háttupplýstur br. r.p. Kristóbert Óli Hreiðarsson er hér með skipaður E.Sm. Jafnframt er hann leystur frá embætti Y.Sm.
- Háttupplýstur br. r.p. Carl Daníel Tulinius er hér með skipaður



Tveir bræður voru sæmdir heiðursmerki Reglunnar á Regluhátíð, þeir Egill Rúnar Friðleifsson (t.v.), Hamri og Sigmundur Örn Arngrímsson (t.h.), Lilju, sem hér eru með Kristjáni Þórðarsyni SMR.

Allar almennar bílaviðgerðir

VÉLASTILLINGAR

VARAHLUTIR

SMURÞJÓNUSTA

PÚSTÞJÓNUSTA

HJÓLASTILLINGAR

VIÐGERÐIR

UMHVERFISVÆNT VERKSTÆÐI

Viðurkenndur þjónustuaðili

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI
KÓPAVOGS**

Við vinnum samkvæmt ISO 14001 umhverfisstjórnunartáðinum og leggjum áherslu á að koma í veg fyrir mengun og draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

Smiðjuvegur 68, Kópavogi | Sími 587 1350 | bifkop.is

Y.Sm. Jafnframt er hann leystur frá embætti Sm.

- Háttupplýstur br. r.p. Vilhjálmur Þorláksson, sem gegnt hefur embætti Stú.M. í lögskipaðan tíma, er hér með leystur frá embætti.
- Háttupplýstur br. r.p. Hallmundur Hafberg er hér með skipaður Stú.M.
- Hæstlýsandi br. Agnar Bragi Bragason, sem gegnt hefur embætti Sm., er hér með leystur frá embætti að eigin ósk.
- Háttlýsandi br. Guðmundur Víðir Guðmundsson og Guðmundur Halldór Halldórsson eru hér með skipaðir Smm.

- Háttupplýstur br. r.p. Ingi Þór Jakobsson og hæstlýsandi br. Birkir Böðvarsson, sem gegnt hafa embætti Fhh., eru hér með leystir frá embættum að eigin ósk.
- Háttupplýstur br. r.p. Albert Gunnar Arnarson og upplýstur br. Ágúst Þór Bragason eru hér með skipaðir Fhh.
- Háttupplýstur br. r.p. Ólafur Friðrik Ægisson, sem gegnt hefur embætti Y.Stú., er hér með leystur frá embætti að eigin ósk.

- Háttupplýstur br. r.p. Örn Þórðarson er hér með skipaður Y.Stú. Jafnframt er hann leystur frá embætti R.

- Háttupplýstur br. r.p. Ólafur Helgi Kjartansson er hér með skipaður R.
- Háttupplýstur br. r.p. Magnús Viðar Sigurðsson er hér með leystur frá embætti Kv. að eigin ósk.
- Upplýstur br. Örn Sveinsson er hér með skipaður Kv.

Aðstoðarembættismenn Landsstúkunnar

- Háttupplýstur br. r.p. Þórhallur Birgir Jóseppsson er hér með leystur frá embætti R.Fr. að eigin ósk.
- Hæstlýsandi br. Stefán Einar

Hótel Skt. Petri í Kaupmannahöfn

Heill heimur út af fyrir sig – Lúxushótel í hjarta borgarinnar



- Glæsilegt morgunverðarhlaðborð frá kl. 7.00–10.30*
- Fitness salur með öllum græjum ásamt Sauna og Steambað*
- Veitingasalur opinn frá kl. 12.00–1.00 alla daga vikunnar
- Staðsetning er steinsnar frá Strikinu, fjölda veitingastaða og verslana



Kynnið ykkur sérverð okkar fyrir árið 2023 á www.sktpetri.is

Einfalt að bóka – engar greiðslur fyrirfram og hægt að afpanta með eins dags fyrirvara án kostnaðar

*Morgunverður og aðgangur að fitness er ávallt innifalinn í okkar verði

 **HOTELBOKANIR.IS**

... lífið er ferðalag

Niko Travel Group • Austurvegi 6 • 800 Selfoss • sími 783-9300
www.sktpetri.is • hotel@sktpetri.is



Stefánsson, er hér með skipaður R.Fr.

- Háttupplýstur br. r.p. Ingvar Sigurður Hjálmarsson er hér með leystur frá embætti R.Hs. að eigin ósk.
- Upplýstur br. Hörður Lárusson er hér með skipaður R.Hs.
- Háttlýs. br. Daníel Arason er hér með skipaður A.S.
- Háttupplýstur br. r.p. Sæmundur Guðmundsson er hér með leystur frá embætti A.Mv. að eigin ósk.
- Háttupplýstur br. r.p. Matthías Daði Sigurðsson, háttlýsandi br. Bárður Jósef Ágústsson og Sigurður Helgi Pálmason eru hér með skipaðir A.Mvv.
- Háttupplýstir br. r.p. Halldór Baldursson, Steingrímur V. Björgvinsson, Trausti Laufdal Jónsson, Þórhallur Birgir Jóseps-son og háttlýsandi br. Hreinn Vídalín Sigurgeirsson eru hér með leystir frá störfum A.Bvv. að eigin ósk.
- Háttupplýstur br. r.p. Roelof Smelt, upplýstur br. Hákon Jónas Hjaltalín Hákonarson, háttlýsandi br. Jón Hjaltalín Ólafsson, háttlýsandi br. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Kristinn Fannar Pálsson eru hér með skipaðir A.Bvv.
- Háttupplýstur br. r.p. Sigurður G. Vilhelmsson og upplýstur br. Jón Sævar Baldvinsson eru hér með leystir frá emb. A.Skvv. að eigin ósk.
- Háttupplýstur br. r.p. Steinn Guðmundur Ólafsson og háttlýsandi br. Stefán Halldórsson eru hér með skipaðir A.Skvv.
- Háttupplýstur br. r.p. Jón Ólafur Sigurðsson er hér með leystur frá embætti A.Tv. að eigin ósk.
- Háttupplýstur br. r.p. Gunnar Gunnarsson er hér með skipaður A.Tv.

STÚARTSTÚKAN Á AKUREYRI

- Háttupplýstur br. r.p. Gunnar Einar Steingrímsson er hér með leystur frá embætti A.Km. að eigin ósk.

36. Háttupplýstur br. Anton Ilin er hér með skipaður A.Km.

- Upplýstur br. Jónas Þór Jónsson er hér með leystur frá embætti A.Sm. að eigin ósk.
- Upplýstur br. Birgir Pálsson er hér með leystur frá embætti A.R. að eigin ósk.
- Háttlýsandi br. Egill Einarsson er hér með skipaður A.R.
- Upplýstur br. Ásgrímur Örn Hallgrímsson er hér með leystur frá embætti A.Fh. að eigin ósk.
- Háttlýsandi br. Halldór Gunnar Halldórsson er hér með skipaður A.Fh.
- Háttupplýstur br. r.p. Leifur Eyfjörð Ægisson er hér með leystur frá embætti A.Bv. að eigin ósk.
- Háttupplýstur br. r.p. Sveinmar Gunnþórsson er hér með skipaður A.Bv.

RÁÐ REGLUNNAR

Fjárhagsráð

- Háttupplýstur br. r.p. Ólafur Rúnar Jónsson, sem hefur þjónað í hámarkstíma embættismanna, er hér með leystur frá setu í Fjárhagsráði.
- Háttupplýstir br. r.p. Sigurberg Guðjónsson, Ingólfur Guðmunds-

son og Vilhjálmur Þorláksson eru hér með skipaðir í Fjárhagsráð til Stórhátíðar 2025.

Stúkuráð

- Háttupplýstir br. r.p. Pétur Andreas Maaack og Jóhann Steinson, sem hafa þjónað í hámarkstíma embættismanna, eru hér með leystir frá setu í Stúkuráði.
- Háttupplýstur br. r.p. Þórður Guðjón Kjartansson, sem þjónað hefur í hámarkstíma embættismanna, er hér með leystur frá starfi R. Stúkuráðs.
- Háttupplýstir br. r.p. Guðmundur Ragnar Magnússon og Ragnar Jóhann Jónsson eru hér með skipaðir í Stúkuráð til Stórhátíðar 2025.

Fræðaráð

- Háttupplýstur br. r.p. Kristinn Tryggvi Gunnarsson, sem hefur þjónað í hámarkstíma embættismanna er hér með leystur frá setu í Fræðaráði.
- Háttupplýstur br. r.p. Friðmar Markús Friðmarsson er hér með skipaður í Fræðaráð til Stórhátíðar 2025.

Útgefið í Reykjavík 16. mars 2023.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS 
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR 

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Öflugt félagsstarf innan og utan veggja regluheimilanna

Samverustundir í frímúrararfi eru bræðrunum verðmæt, og alþekkt er að starf okkar myndar oft vinnubönd sem ná langt út fyrir frímúrarstarfið sjálft.

Oft eiga bræður sameiginleg áhugamál og ástríður, og hefur það leitt til þess að stofnaðir hafa verið klúbbar bræðra um áhugamál sín sem starfa utan venjulegs stúkustarfs, og oft utan veggja Regluheimilanna. Klúbbar þessir starfa flestir sem sjálfstæðar einingar, með þeirri einu tengingu að innan þeirra eru félagar í Frímúrarareglunni á Íslandi. Það á þó ekki við um Frímúrarakórinn, en starfsemi hans er hluti af Reglustarfinu.

Hvort sem þú hefur gaman af söng, golfi, hjóleiðum, bifhjólum eða skotveiði, eru starfandi klúbbar sem taka vel á móti þér í hóp sinn. Að taka þátt í starfi þeirra styrkir enn vinnubönd og bræðrabel. Hér er því örlítil samantekt á þessum klúbbum og félagsstarfi utan hefðbundins reglustarfs.



Ljósmynd: Guðmundur Víðarsson

Frímúrarar eru duglegir að sinna áhugamálum sínum utan hins hefðbundna stúkustarfs.

Bifhjólaklúbburinn Fenrir

Fenrir er bifhjólaklúbbur Frímúrarara á Íslandi. Meðlimir fara í hjólatúra og ýmsar aðrar uppákomur saman.

Nánari upplýsingar um Fenri er að finna á fenrir.is og á Facebooksíðu félagsins.

Atli Vilhjálmsson er formaður Fenris, en til að gerast meðlimur er best að hafa samband við gjaldkera félagsins, Árna Sörensen, í gegnum netfangið arnisor@simnet.is

Frímúrarakórinn

Frímúrarakórinn sameinar tónelska bræður í söng, og ljáir fundastarfi og stórviðburðum hátíðlegan blæ. Kórinn heldur reglulega tónleika, og æfir í Regluhúsinu í Reykjavík.

Formaður Frímúrarakórsins er Ragnar D. Stefánsson.

Golfklúbburinn Frimann

Golfklúbburinn Frimann er golfklúbbur frímúrarara á Íslandi og fjölskyldna þeirra. Hann tekur vel á móti golfáhugafólki á öllum getustigum.

Golfklúbbur Alla

Golfklúbbur Alla er golfklúbbur fyrir eldri bræður sem hafa gaman af því að hittast, tala saman, spila golf og njóta lífsins saman.

Hjóleiðaklúbburinn Sleipnir

Hjóleiðaklúbburinn Sleipnir vinnur ötullega að aukinni hreyfingu og lýðheilsu bræðranna og hvetur þá til samveru á hjólunum sínum.

Sleipnir er með undirsíðu á Bræðravefnum en meðlimir hans reka líka öflug Facebooksíðu.

Formaður klúbbsins er Reynir Magnússon en til að skrá sig í klúbbinn er gott að hafa samband við ritara hans, Hörð Lárusson, sem hefur netfangið hordur@kolofon.is

Norðurljósaklúbburinn

The Northern Lights Masonic Club (NLMC) á sér langa sögu en klúbburinn var stofnaður á Keflavíkurlugvelli árið 1949, af tuttugu íslenskum og bandarískum bræðrum.

Northern Lights Masonic Club eru með heimasíðuna nordurljosa.com og áhugasamir geta haft samband við bræður í stjórn hans með því að senda tölvupóst á nlmc.masonic@gmail.com

Skotklúbburinn Óðinn

Skotklúbburinn Óðinn var stofnaður sumarið 2022, í þeim tilgangi að fræða og bæta ímynd skotveiðimanna og stuðla að að auknum áhuga bræðranna á íþróttinni.

Óðinn er með Facebooksíðu en til að skrá sig er best að hafa samband við formanninn, Samúel Sigurðsson (samuelsig@simnet.is) eða gjaldkera félagsins, Ásgeir Ásgeirsson (lanki@simnet.is)

Sindrabræður standa í stórræðum

Miklar endurbætur á stúkuhúsinu og nýr starfssalur í smíðum

Á undanförunum árum hafa Sindrabræður unnið hörðum höndum við framkvæmdir á stúkuhúsi þeirra að Bakkastíg í Ytri-Njarðvík. Sindrabræður eiga nú allt húsið og nýta stærsta hluta þess í eigin þágu en þó er hluti jarðhæðar í útleigu. Kominn var tími til að sinna ytra byrði hússins og breyta því í samræmi við þær þarfir sem fyrirhugaðar voru.

Samstaða bræðranna með eindæmum góð

Ráðist var í að breyta inngangi hússins og um leið bæta aðstöðu til innritunar á fundum. Aðalvinnan var svo að klæða húsið að utan með steinflisum. Páverandi Stólmeistari stúkunnar, bróðir Arngrímur Guðmundsson, ásamt bræðrum í byggingarnefnd, kölluðu eftir aðstoð Sindrabræðra við þessa vinnu og var þátttaka bræðranna góð.

Ekki eru allir bræðurnir jafn hagir til allra verka en þá fundu sumir þörf hjá sér til að sinna því að vinnandi bræður fengju góða næringu og aðrir sögðust vera bestir á kústinum, og í tiltekt. Skapaðist skemmtilegur vettvangur, lífligar umræður og ekki var verra ef einhverjir lúrdu á skemmtilegum sögum eða bröndurum. Samstaða bræðranna var með eindæmum góð og góður vinnuandi einkennandi í ferlinu.

Nú er aðeins eftir að koma upp merkingum og lýsingu utan á húsið.

Nýr starfssalur á jarðhæðinni vígður í haust

Ekki var stoppað lengi eftir að framkvæmdum á ytra byrði stúkuhússins lauk. Hugur bræðranna var til áframhaldandi verkefna og var í framhaldinu tekin ákvörðun í samráði við Stúkuráð og Fjárhagsráð Reglunnar um að koma upp nýjum starfssal á jarðhæðinni.

Sú vinna er unnin í nánú samstarfi við Stúkuráð enda á salurinn að vera á allan hátt í samræmi við lög Reglunnar og vonandi fyrirmynd þeirra sala sem á eftir koma. Framkvæmdin er tæknileg og flókin og mörg ár eru liðin síðan síðast var settur upp slíkur salur. Að mörgu



Ljósmyndir: Myndasafn Sindra


Frá framkvæmdum við Regluheimili Sindra. Margir bræður lögðu hönd að glæsilegu verki við endurnýjun og endurbýggingu stúkuhúss Sindra.

þarf að huga að svo að allt sé rétt og í samræmi við lög Reglunnar og eru mörg handtök og smáatriði sem þarf skipta máli.

Sem fyrr eru það Sindrabræður sjálfir sem bera hitann og þungann af framkvæmdunum ásamt Arngrími, fyrrverandi Stólmeistara og byggingarnefnd Stúkunnar.

Salurinn verður vígður í haust og fyrsti fundurinn í honum verður haldinn þann 7. nóvember nk. Þessi framkvæmd verður til mikilla hagsbóta fyrir starfsemi stúkunnar.

Þorvarður Guðmundsson
Stólmeistari Sindra



LEUPOLD

Sjömannsbær

SJÁÐU LENGRA OG BETUR MED BANDARÍSKU LEUPOLD HANDSÓNNAUKUNUM

Tærar og bjartar linsur sem gefa margfalt dýrari sjónaukum ekkert eftir.



Sjáðu videó
kynningu um
BX-4 Pro Guide
HD 10x42.



Klíktu úrveldi af
handsjónaukunum
í netverslun.



Sjáðu videó
kynningu um
BX-2 Alpine
HD 8x42.



Sjáðu videó
kynningu um
BX-1 McKenzie
HD 12x50.

VEIÐIHORNID • SÍÐUMÚLA 8 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 568 8410 • VEIÐIHORNID.IS



VEIÐIHORNID